



Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum

Framkvæmdaáætlun fyrir kirkjuna

Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum

Framkvæmdaáætlun fyrir kirkjuna

Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum
Framkvæmdaáætlun fyrir kirkjuna

Útgefandi: Lútherska heimssambandið
© 2002 The Lutheran World Federation

Íslensk útgáfa: © 2003 Þjóðkirkjan/Skálholtsútgáfan, útgáfufélag Þjóðkirkjunnar

Ísl. þýðing: Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir

Umsjón með íslenskri útgáfu: Auður Eir Vilhjálmisdóttir, Sólveig Anna Bóasdóttir,
Kolbrún Linda Ísleifsdóttir, Benedikt Jóhannsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og
Arnfríður Guðmundsdóttir.

Ljósmyndir á kápu: Þórdís Ágústsdóttir

Umbrot: Skálholtsútgáfan/GF

ISBN 9979-765-66-6

EFNISYFIRLIT

AÐFARARORÐ BISKUPS ÍSLANDS	5
AÐFARARORÐ STARFSHÓPSINS	6
FORMÁLI	7
ÞAKKARORÐ	8
INNGANGUR	9
KAFLI 1	14
Að nefna syndina sínu rétta nafni	
KAFLI 2	16
Greining ólíkra tegunda persónubundins ofbeldis	
KAFLI 3	23
Að umbreyta kirkju og þjóðfélagi	
3.1. Ofbeldi bundið samfélagsgerðinni	23
3.2. Menningarbundið ofbeldi	26
3.3. Áhrif hnattvæðingar efnahagslífsins og nútímavæðingar	29
KAFLI 4	33
Kirkjan í orði og verki	
LOKAORÐ	40
VIÐAUKAR	41
I. Aðstoð við þolendur	41
II. Aðstoð við fólk sem liðsinnir þolendum ofbeldis	41
III. Samtök karla	44
IV. Undirleikur trúarlífsins	45
V. Athugasemdir frá stjórnarfundum LH um málaflokkinn ofbeldi gegn konum	47
AFTANMÁLSGREINAR	51

AÐFARARORÐ BISKUPS ÍSLANDS

Það rit sem hér liggur fyrir er skýrsla Lútherska heimssambandsins um ofbeldi gegn konum. Skýrslan er árangur starfs þar sem fjöldi kirkjufólks um heim allan leitaðist við að lýsa og skilgreina ofbeldi í menningu, kirkju og samfélagi. Það hefur dregið ýmislegt fram í dagsljósið sem okkur er mikilvægt að skoða, meta og læra af.

Þess vegna hefur skýrslan verið þýdd og staðfærð og gefin út sem verkfæri fyrir presta og djákna og söfnuði íslensku kirkjunnar til að auka skilning á því al-

varlega vandamáli sem ofbeldi gegn konum er og til að styrkja kirkjuna í því að mótmæla því og vinna að upprætingu þess. Ég þakka þeim sem að verkinu hafa unnið. Ég vona að söfnuðir kirkjunnar lesi og ræði þessa skýrslu, og hún verði kirkjunnar fólki hvati til að takast á við vandann og tala skýrt og einarðlega gegn ofbeldi gegn konum og benda á færar leiðir til að rjúfa fjötra ofbeldis og ranglætis.

Reykjavík á krossmessu 2003
Karl Sigurbjörnsson

AÐFARARORÐ STARFSHÓPSINS

Við vitum öll af ýmsu og margskonar ofbeldi sem fer fram rétt hjá okkur. Við spyrjum hvað við getum gert. Við vitum að við höfum bæði löngun og skyldu til að gera eitt-hvað gagnlegt til að hindra þetta ofbeldi sem getur bitnað á hverju okkar sem er. Við spyrjum hvað kirkjan geri, hún sem á að hjálpa okkur til að vernda hvert annað og halda aftur af eyðingaröflunum. Vegna þessa alls er okkur sem höfum undirbúið útgáfu þessa rits frá Lútherska heimssambandinu mikið

gleðiefni að það skuli hafa verið skrifað og sent út um alla lútherska kirkju. Við teljum að það muni hjálpa til að auka skilning okkar og hvetja okkur til framkvæmda. Við fengum Ragnheiði Margréti Guðmundsdóttur til að þýða ritið og þökkum henni og Skálholtsútgáfunni kærlega fyrir samstarfið. Og við þökkum ykkur sem ætlið að nota þetta rit og sendum ykkur bestu kveðjur og óskir um gott starf.

Starfshópurinn

FORMÁLI

Ritið *Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum* var unnið á árunum 1999-2001 og er afrakstur af samstarfi kirkna sem eiga aðild að Lútherska heimssambandinu (LH). Upphaflega var það andsvar við „Samkirkjulega áratugnum: Kirkjan styður konur“ 1988-1998. Undirbúning annaðist stjórnandi verkefnisins „Konur í kirkju og samfélagi“ í deild boðunar og þróunarstarfs hjá LH Margir ólíkir hópar kvenna og karla voru fengnir til að grandskoða afleiðingar ofbeldis, skipuleggja aðgerðir til að draga úr ofbeldi og gera texta þessa rits sem læsilegastan.

Viðbrögðin voru á þann veg að sumar kirkjur sögðust þegar hafa tekið á málinu. Aðrar vísuðu verkefninu til kvannahópa eða fólu sérstökum hópum að meta hvort málið snerti viðfangsefni þeirra. Enn aðrar lagfærðu textann og bættu við hann svo að hann yrði aðgengilegur sem flestum og hefði almenna skírskotun.

Sumar kirkjur þýddu uppkastið á sitt tungumál til að ná til fleiri lesenda. Á héraðs- og landsfundum staðfestu kirkjuleiðtogar plaggið, viðurkenndu að ofbeldi væri til staðar og að nauðsynlegt væri að taka málin til rækilegrar umfjöllunar. Nokkrar kirkjur skipulögðu

fræðslustarf eða settu á fót neyðarat-hvarf fyrir þolendur.

Öll þessi viðbrögð eru nauðsynleg og gagnleg fyrir samstarf LH og kirknanna um að bera kennsl á ólíkar birtingarmyndir ofbeldis, hvort sem það er opinbert eða dulið. Í ritinu eru tillögur að því hvernig konur, karlar og trúfélög gætu unnið saman til að sigrast á þeirri synd sem ofbeldi gegn konum er; ofbeldi sem særir einstaklinga, samfélög og ímynd kirkjunnar sjálfrar. Græðarinn þarf fyrst að græða sjálfan sig.

Þetta vinnuþlagg er samanhjappað af ásettu ráði og er hugsað sem umræðugrundvöllur fyrir einstaklinga og söfnuði. Það er framlag LH til Áratugs kirkjunnar gegn ofbeldi, 2001-2010 og til verkefnis Sameinuðu þjóðanna „Alþjóðlegur áratugur helgaður ástundun friðar og baráttunni gegn ofbeldi í garð barna.“ 2001-2010.

Guð þjáist með þolendum ofbeldis. Stöndum saman og sigrumst á öllum tegundum ofbeldis því að ofbeldi er brot gegn Guði og mannkyni.

Ishmael Noko, aðalritari.
Lútherska heimssambandið,
Genf, desember 2001

ÞAKKARORÐ

Við færum þakkir öllum þeim fjölda fólks, hugrökkum konum og körlum sem eru staðföst í baráttunni gegn ofbeldi í garð kvenna og barna. Fagna ber hverju skrefi sem tekið er í nafni Krists í öllu kirkjustarfi til að styrkja stöðu kvenna.

Við þökkum öllum þeim kirkjum, kvannahópum svo og öðrum hópum sem brugðust við kalli okkar og lögðu sitt af mörkum til að gera útgáfu þessa verks sem besta, sérstaklega evangelísku, lúthersku kirkjunni í Ameríku og evangelísku kirkjunni í Þýskalandi. Við þökkum einnig þeim sem ætla að nota verkið sem umræðugrundvöll og þeim

sem þýða það þannig að verkið nái til enn fleira fólks.

Við hugsum sérstaklega til kvenna sem leitast við ásamt börnum sínum að brjótast undan kúgun og gætu haft beint eða óbeint gagn af þessu riti.

Við erum þakklát þeim sem með fræðiskrifum sínum og baráttu hafa lagt sitt af mörkum í þennan upplýsingasjóð um ofbeldi, sérstaklega Pamelu Cooper-White, Elizabeth A. Johnson og Hisako Kinukawa.

Þakkir fá einnig fulltrúar í nefnd sem LH skipaði til að leggja blessun sína yfir útgáfuna svo og Deild boðunar og þróunarstarfs hjá LH.

Ofbeldi gegn konum er hvorki nýtt fyrirbæri né auðvelt viðfangsefni. Eftir langvinna baráttu um allan heim hefur þó tekist að komast til skilnings á þeim margvíslegu illu birtingarmyndum, sem ofbeldi gegn konum getur tekið á sig, og þeim afleiðingum sem það hefur á líf allra. Lútherska heimssambandið (LH) hefur á síðustu stjórnarfundum sínum beint athyglinni að þessu málefni og hvatt til þess að kirkjurnar taki á því (Viðauki V). Nokkrar kirkjur hafa tekið forystu á aðdáunarverðan hátt í umfangsmikilli fræðslu og stefnumótun. Í Framkvæmdaáætlun og Peking yfirlýsingunni frá árinu 1995 sem var niðurstaða af fjórðu alþjóðlegu kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna segir að ofbeldi gegn konum sé eitt af stærstu vandamálum alþjóðasamfélagsins og að nauðsynlegt sé að bregðast við því án tafar.

„Kvennaáratugur kirkjunnar: Kirkjan styður konur“ 1988-1998 lagði ríka áherslu á

að útrýma ofbeldi af öllum gerðum (kynferðislegu, trúarlegu, samfélagsbundnu, líkamlegu, sálrænu, hernaðarlegu) og uppræta dýrkun ofbeldis sérstaklega þar sem líf og virðing kvenna á í hlut. Við erum reiðubúnar að bjóða birginn hvers konar tilraunum til að afsaka, hylma yfir eða réttlæta ofbeldi. Við lýsum því yfir ... að ofbeldi í kirkjunni er brot gegn Guði, mannkyni og jörðinni.¹

Stjórn LH svaraði þessari áskorun á fundi sínum árið 1999 og samþykkti að

- hvetja allar kirkjur sambandsins til að takast á við það erfiða vandamál sem ofbeldi gegn konum er í þeim marg-

víslegu myndum sem það tekur á sig,

- fá starfsfólk verkefnisins Konur í kirkju og samfélagi til að starfa með kirkjunum í leit að lausnum á þessu vandamáli.²

Konur í kirkju og samfélagi gerðu uppkast að riti sem lagt var fyrir yfirstjórn allra kirkna, kvenleiðtoga, prestaskóla og samkirkjulegar stofnanir til að

- hvetja kirkjurnar til að komast að því hvernig ofbeldi gegn konum gegnsýrir daglegt líf okkar. Einnig til að átta sig á því að ofbeldi er ekki alltaf sýnilegt heldur getur það líka verið lúmskt og dulið og þar með ekki viðurkennt sem ofbeldi,
- nota þetta rit sem umræðugrundvöll hjá söfnuðum, áhugahópum, prestaskólum kirkjunnar og öðrum menntastofnunum,
- greina birtingarmyndir ofbeldis á hverjum stað, taka þær gildar og varpa ljósi á þær,
- virkja eigin þekkingu til að draga úr ofbeldi gegnum kirkjuna, samfélagið og önnur samskiptanet og finna úrræði til að aðstoða þolendur ofbeldis,
- taka saman upplýsingar um stefnumörkun og aðgerðir og dreifa þeim til safnaðanna þannig að hægt verði að nota þær sem leiðbeiningar við að leita úrræða,
- þetta rit gæti orðið allsherjarleiðarvísir fyrir söfnuði til að vinna að umbreytingum á skapandi samfélagi karla og kvenna,
- þetta rit gæti orðið framlag LH til „Áratugs kirkjunnar gegn ofbeldi“, (2001-2010) og til verkefnis Sameinuðu þjóðanna „Alþjóðlegur áratugur

helgaður ástundun friðar og baráttunnar gegn ofbeldi í garð barna.“ (2001-2010)

Oft er sagt að ofbeldi gegn konum sé einkamál fjölskyldunnar og þess vegna ætti að fást við það sem slíkt. Aðgerðir um heim allan hafa leitt í ljós að þetta er ekki lengur einkamál þeirra sem í hlut eiga heldur allsherjarvandamál sem hrjáir konur um heim allan – hvort sem þær búa í norðri, suðri, austri eða vestri, hvort sem þær eru ríkar eða fátækar, hámenntaðar eða ólæsar, í virðulegu starfi eða daglaunakonur, í hástétt þjóðfélagsins eða fátækrahverfum. Ofbeldi virðir engin landamæri og vofir yfir konum á öllum aldri. Þær hrópa hástöfum á aðgerðir sem bera árangur. Nú má ekki lengur þagga niður hróp þeirra eða kæfa þau innan fjögurra veggja heimilisins undir yfirskyni stolts fjölskyldunnar, heiðurs, öryggis, stöðugleika eða barnanna því að ofbeldi gegn konum er synd.

Sumt fólk segir kannski að þetta sé vandamál kvenna sem þær eigi að leysa sjálfar. Margar konur eru einmitt að gera það, berjast fyrir réttlæti með því að vekja fólk til vitundar, þrýsta á breytingar í stjórnkerfinu og stefnumótun og aðstoða þolendur við að öðlast nýjan styrk. En samt virðist ofbeldi gegn konum engan enda taka. Mörg sjálfstætt starfandi félagasamtök og stofnanir innan SP krefjast þess að litið sé á ofbeldi gegn konum sem mannréttindamál. Með því að skilgreina það þannig séu meiri líkur á að úrbætur náist í reglugerðum og stefnumótun hins opinbera. En þetta tekur langan tíma þar sem stefnumótun er í besta falli fögur fyrirheit og undir hælinn lagt hvernig stjórnvöld, eins og dómskerfið, lögreglan og fleiri, túlka þau. Því er nauðsynlegt að upplýsa stjórnvöld vel til þess að árangur náist af stefnumótun og lagasetningu.

Trúarbrögð eru oft notuð til að kúga

konur. En í trúnni býr einnig frelsandi afl eins og fram kemur í Framkvæmdaáætlun og Peking yfirlýsingu. „Trúarbrögð, viðhorf, samviska og sannfæring geta stuðlað að því að uppfylla siðferðilegar, siðfræðilegar og trúarlegar þarfir kvenna og karla og komið því til leiðar að hæfileikar þeirra njóti sín til fulls.“³ Við þurfum að taka þessa yfirlýsingu alvarlega og gera ráðstafanir til að leiðrétta þá guðfræði, þau viðhorf og það starf sem gerir ráð fyrir hinu gagnstæða. Hægt er að byrja á því að benda lesendum Biblíunnar á að Ritningin er skrifuð í ákveðnu samhengi og endurspeglar menningu ritunartímans; þess vegna verða túlkendur hennar að hefja sig yfir þann veruleika til að skilja boðskap lífsins sem fluttur er í guðspjöllunum. Þetta er mjög erfitt og gæti truflað trú einhverra. En ef kirkjan á að rjúfa vítahring ofbeldis og leggja grunninn að gjörbreyttu þjóðfélagi karla og kvenna verður hún að taka þessa áhættu.

Það er ekkert vafamál að ofbeldi gegn konum er sárkaldur raunveruleiki margra kvenna á hverjum degi. Það er líka staðreynd að ofbeldi gegn konum er ákaflega viðkvæmt og erfitt mál fyrir marga karlmenn. Þeir fyllast skömm, reiði og sekt þar sem þeim finnst ásökunin beinast að öllum karlmönnum. Sumir segjast ekki vita af neinu ofbeldi eða segja að það komi þeim ekki við. Í nokkrum tilfellum gætu þeir jafnvel haldið fram rétti sínum til þess að beita ofbeldi sem feður, eiginmenn eða bræður. Þá eru til karlmenn sem hafa sætt ofbeldi af hendi kvenna.

Konur geta ekki varpað allri ábyrgð á ofbeldi yfir á karla. Margar konur hafa neyðst til að fela ofbeldið eða afneita því vegna þess að þær skammast sín fyrir það og finnst þær hafa verið niðurlægðar. Sumar verða jafnvel sinnulausar og hafa meðtekið þau skilaboð að ofbeldið sé óumflýjanlegt; þær eru hræddar við

áframhaldandi ofbeldi og og vita að þær geta aldrei farið að heiman. Einnig kemur fyrir að konur beita aðrar konur og karla ofbeldi. Oft er sagt: „Konur eru konum verstar.“ Allar manneskjur tilheyra einhverju kerfi sem mótar þær og krefst þess að þær gegni ákveðnu hlutverki sem eru boðuð af trúarbrögðum, menningu, hefðum og feðraveldi. Ef ofbeldi gegn konum og börnum á að linna verða karlar og konur að standa saman í baráttunni gegn því. Þau verða að spyrja sig: „Hvaða áhrif hefur þetta á mig og hvað get ég gert til að draga úr ofbeldi?“ „Kvennahreyfingin kallar á nýja kvenímynd - sterka gerendur í stað þolenda - eins er þörf fyrir nýja karlímynd, karla sem þurfa ekki á því að halda að ráða yfir konum.“⁴ Á sama hátt þarf að kanna nýjar fyrirmyndir kvenna, konur sem taka ekki endalausri kúgun með þögn og þolinmæði heldur mótmæla opin-skátt. Kerfisbundin greining á hlutverkum kynjanna mundi stuðla að skilningi á þeim viðhorfum, hlutverkum og hegðun karla og kvenna sem eru mótuð af trúarbrögðum, menningu og feðraveldi og leggja þannig grundvöll að breytingum.

Í stað þess að vantreysta hvert öðru, sýna fjandskap, ótta og óöryggi þegar konur og karlar ræða þessi mál sín á milli er nauðsynlegt að taka höndum saman í einlægni til að uppræta þessa synd.

Hreyfing femínista hefur sýnt fram á að „konur hafa ekki verið eins duglegar að leita stuðnings karlmannna og bókstafstrúarmenn“⁵. Það hefur leitt af sér bakslag gegn konum og gert illt verra. Þessu þarf að breyta núna.

Þörfin fyrir að sameina krafta karla og kvenna til að byggja samfélag þar sem sátt og friður (shalom) ríkir gerir ofbeldi gegn konum að viðfangsefni sem varðar ekki aðeins lífið sjálft heldur líka trúna. Þar sem kirkjan er samfélag trúaðra

gengur hún að þessu verki á þeim forsendum að mynd Guðs sé í hverri konu og hverjum karli og minnir á sameiginlega ábyrgð þeirra og forréttindi sem ráðsmenn alls sköpunarverksins. Hún bendir á hvernig Jesús stóð með konum og var þannig fyrirmynd okkar allra. Hún lítur á úthellingu heilags anda yfir konur, karla og börn sem tákni og gjöf frá Guði um gagnkvæma virðingu og jafnrétti. Þessa gjöf þiggjum við í trú í skírinni. Vegna þess að náð Guðs réttlætir okkur fyrir trú þá þýðir það að hvorki karlar né konur, skuli vera útilokuð eða niðurlægð í nafni feðraveldis eða stigveldis. Þess vegna lítur kirkjan á ofbeldi gegn konum sem synd gegn lífinu sem þarf að nefna og fordæma þar sem það vanhelgar mynd Guðs í manneskjunni sem verður fyrir ofbeldinu, hvort sem það er kona, karl, stúlka eða drengur.

Ofbeldi veldur þolandanum ekki aðeins líkamlegum, tilfinningalegum og sálfræðilegum skaða; það skemmir líka mennsku þess sem fremur ódæðið. [Kirkjan álitur að] í sérhvert sinn sem konur eru beittar ofbeldi innan kirkjunnar skaðist líkami Krists og þar með verði kirkjunni algjörlega ómögulegt að vera heilsteypt samfélag kvenna og karla.⁶

Kirkjan er samfélag fólks sem er kallað til að frelsa kúgaða; köllunarverk kirkjunnar er að frelsa karla og konur undan menningu þar sem ofbeldi ríkir og koma á samfélagi lífsfyllingar og einingar. Í boðun sinni þarf kirkjan að hrista upp í þeim sem eru ánægð með ráðandi skipan og styðja þau sem eru missrétti beitt.

Það þarf óbilandi staðfestu, mikinn aga og samstillt átak til að vekja fólk til vitundar, hafa áhrif á gildismat þess og koma á fót athvarfi eða öðrum úrræðum fyrir þolendur ofbeldis. Kirkjan getur ekki lengur litið framhá málefnum kvenna eins og henni komi þau ekki við.

Sem trúfélag þurfum við í kirkjunni að leggjast á eitt með aðilum utan kirkjunnar og skoða hvað hvetur karlmann til ofbeldis, hvers vegna konur komast ekki út úr vítahring ofbeldis og hvernig kirkjan, sem verkfæri Guðs, getur stöðvað viðgang þess. Kirkjan þarf að beita áhrifavaldi sínu til að kenna körlum og konum að meta ekki aðeins sig sjálf heldur líka Guðs mynd hvert í öðru.

Kirkjan, verkfæri Guðs, sem veitir von og hlýju þarf að benda þolendum ofbeldis á vonina og tækifæri til nýs lífs en líka veita ofbeldismönnum tækifæri til að iðrast, taka stakkaskiptum og bæta ráð sitt. Kirkjan þarf einnig að sjá til þess að komandi kynslóðir alist upp við að það sé ekki nóg að hlusta á Orðið heldur sé líka nauðsynlegt að „starfa“ samkvæmt fagnaðararindinu. Samfélag Lútherstrúarfólks í heiminum hefur mikla möguleika á að hafa afgerandi forystu í þessu máli.

Um leið verður kirkjan að líta inn á við, skoða kerfisbundna uppbyggingu sína, stefnu, guðfræði og starfsemi svo að hún geti að fullu axlað þá ábyrgð að endurnýja sig og vera um leið skapandi samfélag sem vitnar um trú sína.

Vandamálið í svipmynd

Ofbeldi hefur áhrif á konur út um allan heim og tekur á sig ýmsar myndir í lífi þeirra. Eftirfarandi er stutt yfirlit frá nokkrum heimshlutum sem gefur ógnvekjandi og dapurlega mynd.

Margar barnungar stúlkur eru neyddar til að giftast, beittar ofbeldi í kynlífi og sums staðar eru kynfæri þeirra limlest. Mörgum konum er auk þess neitað um menntun, heilbrigðisþjónustu, jafnvel mat; þær hafa ekki ferðafrelsi og geta hvorki valið sér menntun, starf né lífsförunaut. Á lífs göngu sinni eru margar konur þvingaðar til að eignast börn og beittar tilfinningalegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi

af hendi ættingja, maka, eða óskyldra aðila; þær þurfa að þola kynferðislega áreitni, mansal eða nauðgun.

Heimilisofbeldi, þ.e. ofbeldi sem á sér stað innan veggja heimilisins, er útbreiddasta form ofbeldis gegn konum. Rannsóknir í Þrjátíu og fimm löndum gefa til kynna að fjórðungur eða jafnvel helmingur allra kvenna hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi sambýlismanns eða eiginmanns. Það er algengasta orsökinn fyrir líkamlegum áverkum kvenna og endurtekur sig, í sumum tilfellum, á hverjum degi og leiðir jafnvel til dauða.

Tiltölulega hátt hlutfall unglingsstúlkna og ungra kvenna verður fyrir ofbeldi. Fjórutíu til fimmtíu og átta prósent af kynferðislegu ofbeldi er framið gegn stúlkum fimmtán ára og yngri, venjulega af einhverjum í fjölskyldunni eða einhverjum sem þolandinn þekkir.

Alvarlegar afleiðingar ofbeldis eru margvíslegar. Það hefur áhrif á sálræna og líkamlega heilsu kvenna og tengist barneign og þungunum. Það felst m.a. í því að konur verða þungaðar gegn vilja sínum, missa fóstur, fá sýkingu og verki í kynfærin, kynsjúkdóma, alnæmi og geta orðið ófrjóar. Ótti við heimilisofbeldi kemur oft í veg fyrir að konur noti getnaðarvarnir eða biðji maka sinn um það.⁷

Hvernig ber að skilgreina ofbeldi gegn konum?

Hugtakið ofbeldi gegn konum þýðir: **Sérhvert kynbundið ofbeldisverk sem leiðir af sér eða er líklegt til að leiða af sér**

**líkamlega,
kynferðislega
eða sálræna þjáningu
eða skaða.**

Þar með eru taldar hótanir um slíkan verknað, valdbeiting eða gerræðisleg frelsissvipting bæði í opinberu lífi og einkalífi.⁸

Ofbeldi gegn konum er ekki línulaga ferli sem fer síversnandi; það er ekki heldur fyrirbæri sem kemur og fer eða vofir yfir. Það er eins og hvirfilbylur sem safnar krafti þar til eyðingaraflið er orðið svo sterkt að manneskjan sogast niður í hringiðuna og kastast til og frá, lemstruð, áttavíllt, eignalaus og stundum gjörsamlega örvingluð. Þetta er ekki bara eitt afmarkað fyrirbæri sem hægt er að rannsaka, skilja og vinna þannig bug á heldur eru þetta mörg fyrirbæri sem eiga sér ótal hliðar og fela í sér þau kerfi og það fyrirkomulag sem ráða ríkjum í lífi okkar.⁹

Þetta rit er tilraun til að nefna og skoða jafnt augljósar og duldar myndir ofbeldis gegn konum. Það kannar leiðir sem konum eru færar til að lifa af sem heilar

manneskjur í stað þess að festast í stöðu þolanda. Það setur fram tillögur að jákvæðum lausnum sem gætu dregið úr ofbeldi. Þetta eru ekki fyrirmæli heldur tilboð um að skoða ferlið, nefna syndina sínu rétta nafni, halda á lofti rétti brotaþola til að lifa innihaldsríku lífi og opna möguleika á fræðslu og menntun. Í viðaukunum er ítarefni kynnt og þar eru upplýsingar fyrir þolendur og þau sem vilja hjálpa þeim.

Við skulum byrja með því að spyrja: „Fyrirfinnst ofbeldi innan kirkjunnar?“

Priscilla Singh

Stjórnandi verkefnisins „Konur í kirkju og samfélagi“

Deild boðunar og þróunarstarfs Lútherska heimssambandið

KAFLI 1 AÐ NEFNA SYNDINA SÍNU RÉTTA NAFNI

Syndin heldur manneskjunni í fjötrum sem stjórna lífi hennar og afskræma það. Hún snýr fólki frá Guði og leiðir það til syndsamlegra athafna gegn öðru fólki, eins og valdniðslu, misþyrminga og ofbeldis. Slíkar gerðir eru oft réttlættar með þeirri trú að sumum beri að drottna yfir öðrum. Til dæmis hefur versið í Fyrstu Mósebók, 3:16: „[þú skalt hafa] hafa löngun til manns þíns, en hann skal drottna yfir þér,“ oft verið notað til að réttlæta yfirráð karla yfir konum. En þessi kafli lýsir afleiðingunum af komu syndarinnar í heiminn og er fremur lýsing á syndafalli manneskjunnar en fyrirætlun Guðs. Það er frá þessari glötun sem Jesús Kristur frelsaði okkur. Það sem viðheldur glötuninni er að við erum ekki reiðubúin að þiggja náð Guðs fyrir trú á Krist. Sáttargjörð Guðs frelsar okkur ekki aðeins undan fjötrum syndarinnar heldur gerir okkur eitt í Kristi Jesú. (Gal. 3:28)

Kirkjan þarf að vekja athygli á tveimur ólíkum gerðum af sköpunarsögunni vegna þess að algengar túlkanir á völdum köflum, eins og í Fyrstu Mósebók 3:16, hafa verið notaðar til þess að undiroka konur. Efesusbréfið, 5:22-24, Korintubrésið, 11:2-16, Fyrri Tímóteusarbréf, 2:9-15 og Kólossubrésið, 3:18 hafa verið notuð á svipaðan hátt. Þess vegna verður kirkjan að byrja á því að viðurkenna að ofbeldi gegn konum sé ekki aðeins synd sem fyrirfinnst utan hennar heldur að sumt fólk í þjónustu hennar hafi á stundum drýgt slíka synd og að við höfum syndgað bæði í gjörðum okkar og vanrækslu.

Þó að framlag kirkjunnar til baráttunnar gegn ofbeldi í garð kvenna virðist lítilfjórlegt við fyrstu sýn skal tekið fram

að hið græðandi samfélag kirkjunnar hefur þó lagt sitt af mörkum. Margir söfnuðir reka neyðarathvarf fyrir konur, bjóða ráðgjöf hjá presti og taka á málinu sem einkamáli eða fjölskylduvandamáli. Það eru konur sem hafa frumkvæðið að þessu uppbyggingarstarfi og flestar eru þær sjálfboðaliðar. Þarna er von fyrir allar konur sem svo lengi hafa þagað af ótta.

Það sem enn vantar tilfinnanlega er að prédikarar og fræðarar kirkjunnar lýsi opinberlega yfir vanþóknun sinni á ofbeldi gegn konum og að kirkjan viðurkenni hversu vanmáttug hún er gagnvart því. Kirkjan hefur allt of oft mætt ofbeldi gegn konum „með því að gera lítið úr því, gera það ósýnilegt eða framandi.“¹⁰ Kirkjan verður því að grandskoða hvort „boðun hennar á fagnaðarerindinu hafi öldum saman ýtt undir tilhneigingu karla til að beita ofbeldi, stuðlað að valdaleysi kvenna og stúlkebarna og innrætt samfélaginu umburðarlyndi gagnvart ofbeldi innan fjölskyldunnar.“¹¹

Kirkjan gæti byrjað með því að útskýra að Ritningin er skrifuð við mismunandi kringumstæður. Við þurfum að hefja okkur yfir þessar takmarkanir til að komast að kjarnanum í fagnaðarerindinu, kjarna sem á við allar aðstæður svo að við megum finna græðandi mátt og frelsi í Kristi, ekki aðeins fyrir einstaklinga heldur einnig fyrir fjölskyldur og samfélagshópa.

Vanmáttur kirkjunnar andspænis ofbeldi gegn konum getur átt sér margar orsakir. Ein gæti verið sú að konur hafa átt mjög takmarkaðan aðgang að stjórnunarstöðum innan kirkjunnar. Glæpir gegn konum hafa ekki komist á dagskrá

kirkjunnar í þeim mæli sem ástæða væri til og því hefur ofbeldið viðgengist áfram, einnig innan kirkjunnar. Það er því mjög mikilvægt að viðurkennt sé að slíkt ofbeldi viðgengst einnig í kristnum fjölskyldum. Karlprestar og aðrir starfsmenn og sjálfbóðaliðar hafa líka í störfum sínum á vegum kirkjunnar beitt konur, börn og unglinga ofbeldi. Einnig innan safnaðanna eru dæmi um kynferðislega áreitni og ofsóknir, ýmsar birtingarmyndir þess hvernig karlmenn

misbeita valdi sínu gagnvart samstarfkonum sínum og takmarkaðan vilja til að leysa slík vandamál viturlega og af réttisýni. Þetta hefur viðgengist í stofnun þar sem sjónarmiðum kvenna og barna hefur verið vikið til hliðar, meðal annars vegna þess að konur hafa ekki átt þess kost að gerast leiðtogar. Jafnvel í kirkjum eins og þeirri íslensku, þar sem konur eiga í orði kveðnu sömu möguleika og karlar, má greina þessi vandamál á mörgum sviðum.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- Gefið út opinbera yfirlýsingu um að allt ofbeldi sé synd sem lítilsvirðir mynd Guðs bæði í ofbeldismanninum og þólandanum og að þetta sé athæfi sem aldrei sé hægt að þola eða afsaka.
- Upplýsið söfnuðina um að ofbeldi gegn konum fyrirfinnist í ýmsum myndum innan kirkjunnar og í kristnum samfélögum.
- Markið stefnu og skipuleggið aðgerðir þar sem ofbeldismaðurinn þarf að taka afleiðingum gerða sinna bæði í kirkju og samfélagi.
- Beinið sjónum að þessu málefni einu sinni á ári, helgið t.d. einn sunnudag á ári „samstöðu með konum“.
- Ráðið starfsfólk til að taka á ofbeldi gegn konum, ráða bót á því og hafa eftirlit með því. Komið t.d. á fót starfshópi á vegum kirkjunnar.
- Haldið námskeið fyrir presta og djákna um starfssiðfræði þar sem fjallað er sérstaklega um ofbeldi.
- Fjallið um ofbeldi gegn konum í prédíkunum, fermingarfræðslu og guðfræðilegri umræðu.
- Komið af stað umræðum um þetta málefni hjá fræðsludeildum og í starfsþjálfun kirkjunnar.
- Gerið kirkjuna að öruggu skjóli þar sem þólandur ofbeldis geta fundið athvarf, stuðning og uppbyggingu.
- Gefið bæði þólandanum og ofbeldismanninum tækifæri til að byggja sig upp.
- Tryggið ykkur stuðning og samstarf yfirvalda.

Ítarefni

No Longer a Secret. The Church and Violence against Women. Aruna Gnanadason. 2nd revised ed. Geneva: WCC Publications, 1997.

Women, Violence and Nonviolent Change. Edited by

Aruna Gnanadason, Musimbi Kanyoro, Lucia Ann McSpadden. Geneva: WCC Publications, 1996.

The Cry of Tamar. Violence against Women and the Church's Response. Pamela Cooper-White. Minneapolis: Fortress Press, 1995.

Pað er mikilvægt að gera sér grein fyrir ólíkum tegundum ofbeldis áður en hafist er handa við að liðsinna konum sem sætt hafa ofbeldi. Oft er ofbeldi, sem beinist að einstökum persónum, meðhöndlað sem einkamál. Raunveruleikinn sýnir að því þarf að breyta. Fyrir utan líkamleg og sálræn áhrif þá hefur ofbeldi einnig áhrif á trúarlíf kvenna. Þegar konur, sem hafa orðið fyrir ofbeldi, leita sér ráðgjafar eða hughreystingar hjá trúarlegum leiðtogum eða stofnunum er hjálpin oft svo ófullkomin og gagnslaus að þær fyllast einmanakennd og reiði og þeim finnst þær sviknar. Þær spyrja: „Hvar er Guð þegar mér líður svona illa og til hvers er kirkjan?“

Persónubundið ofbeldi hefur ekki aðeins áhrif á konurnar sem fyrir því verða heldur líka nánustu aðstandendur. Konur gegna oft þremur hlutverkum í einu; þær eru fyrirvinnur, stjórna heimilinu og sinna umönnunarstörfum. Þess er krafist að þær vinni langan vinnudag án þess að fá nægan mat, svefn eða læknishjálp þar til þær örmagnast. Ef eiginmenn leggja að auki hendur á konur í þessari stöðu verður líf þeirra að hreinni martröð. Skýrasta birtingarmynd persónubundins ofbeldis er líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. En tilfinningalegt eða sálrænt ofbeldi getur skaðað jafnmikið eða meira og afleiðingar þess var- að lengur.

TEGUNDIR OFBELDIS

1. Líkamlegt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi er sérhver miski sem veldur líkamlegum áverka eða mari á líkama, t.d. högg með hnefa eða hlutum,


sígarettubruni, spark, ófrjósemisaðgerð eða fóstureyðing gegn vilja konunnar, limlesting kynfæra kvenna, tjón á eignum og svo framvegis.

2. Kynferðislegt ofbeldi


Kynferðislegt ofbeldi er sérhver verknaður þar sem ein manneskja notar aðra gegn vilja hennar til að fullnægja kynhvöt sinni. Stundum er þolandinn skjólstaðingur brotamannsins. Ofbeldið getur verið líkamlegt, eins og nauðgun, sífjaspell, óviðeigandi háttsemi og áreitni við vinnufélaga eða lægra setta, þar með talið snerting, káf, kossar, strokur, samfarir (í leggöng, endaparm eða munn) eða hvers konar verknaður sem niðurlægir konur og börn í þeim tilgangi að örva ofbeldismanninn kynferðislega. Ofbeldið getur líka verið án snertingar, t.d. gláp, klúrar athugasemdir eða óviðeigandi daður; oft eru konur þvingaðar til að horfa á klámmyndir eða taka þátt í klámfengnum athöfnum; þá er algengt að karlmenn sýni á sér kynfærin, áreiti konur kynferðislega í síma eða veiti þeim eftirför, svo dæmi séu nefnd.

3. Tilfinningalegt eða sálrænt ofbeldi

Fólk þarf að hafa samskipti við aðrar manneskjur til að finna sér stað í tilverunni og gefa lífi sínu merkingu. Þörfin fyrir slík tengsl, gagnkvæmni og sameiginlega ábyrgð fær fólk til að leita eftir samskiptum, viðhalda þeim og gefa öðrum af sér. En ef konur fá ekki að ráða sér sjálfar eða eru tældar í varnarlausu stöðu er þessi þörf misnotuð. Slík misnotkun gæti tekið á sig eftirfarandi myndir:



„Hjól valds og stjórnunar“ - Birt með leyfi
 Domestic Abuse Intervention Project
 Duluth, Minnesota, USA¹²



Ofbeldishringur¹³

Útilokun: Þá er látið sem konan sé ekki til – það kemur venjulega fram í líkamstjáningu, t.d. þegar tillögur og uppástungur frá konum eru hunsaðar á nefndafundum.

Höfnun: Ósk um að konan væri ekki til, t.d.: „Ég vildi að þú værir ekki konan mín/félagi minn.“

Einangrun: Konum er neitað um stuðning annarra eða þeim ekki leyft að hafa samband við annað fólk. Sum hjónabönd svipta ungar konur stuðningi fjölskyldu sinnar og færa þær inn í fjölskyldu þar sem þær njóta ekki slíks stuðnings; þar er þeim svo neitað um fréttir af fjölskyldu sinni, þær eru lokaðar inni og hafa takmarkað ferðafrelsi.

Gagnrýni: Nöldur, áreitni, uppnefni, háð, ásakanir, niðurlæging í einrúmi eða fyrir framan aðra.

Hótanir: Maðurinn hótar að meiða eða yfirgefa konuna eða skaða það sem henni þykir vænt um, t.d. börnin hennar, aðra í fjölskyldunni eða jafnvel gælu-dýr.

Spilling: Maðurinn notar konuna til að gera eitthvað ólöglegt, t.d. stunda vændi eða flytja og selja eiturlyf.

Konan gerð aftur að fórnarlambi:

Konunni er kennt um vanlíðan sína, hún er t.d. ásökuð um að eiga óbeinan þátt í dauða eiginmannsins vegna þess að hún bað ekki nógu mikið fyrir honum, hugsaði ekki nógu vel um hann eða var „óheillakráka“ sem orsakaði dauða hans. Oft er líka sagt við konu sem var nauðgað að hún geti sjálfri sér um kennt vegna þess að hún var tælandi klædd, var að þvælast þar sem hún átti ekki að vera, varði sig ekki eða hrópaði ekki nógu hátt á hjálp. Það getur líka falist í

félagslegri einangrun, að konan sé þvinguð til að giftast nauðgara sínum og svo framvegis. Sumar konur gætu jafnvel sóst eftir að endurlifa gamalt ofbeldi með því að standa með maka sínum og leita ómeðvitað eftir frekari þjáningu.

4. Vald og stjórnun

Samband milli karls og konu sem byggist á gagnkvæmni, virðingu og ást getur verið mjög dýrmætt fyrir báða aðila. En þannig er það ekki alltaf. Margir karlmenn, sem hafa verið aldir upp til að stjórna, hafa tilhneigingu til að grípa til ógnana, einangrunar og tilfinningalegs ofbeldis. Ef ekki er tekið í taumana strax gæti það þróast yfir í líkamlegt ofbeldi. Ofbeldi í orðum getur einnig valdið miklum skaða. Það brýtur niður sjálfmyndina og dregur sjálfsbjargarviðleitnina í efa. Stöðug gagnrýni brýtur niður kjarkinn og gerir það að verkum að konan verður óeðlilega háð þeim sem beitir hana ofbeldinu.

Á bls. 15 er mynd af „Hjóli valds og stjórnunar“. Þar er lýst nokkrum aðferðum sem notaðar eru til að hafa stjórn á konum.

5. Hringur heimilisofbeldis

Lenore Walker, sem er sálfræðingur og brautryðjandi í baráttunni gegn ofbeldi í garð kvenna, hefur sett fram kenningu um að ofbeldissamband þróist í gegnum nokkur stig:

Það byrjar á því að spenna byggist upp, konan læðist með veggjum og reynir ýmsar leiðir til að koma í veg fyrir ofsakast eða draga það á langinn. Síðan brestur á tímabil þar sem ofbeldismaðurinn veldur alvarlegum skaða og getur það skeið spannað frá tveimur tímum upp í sólarhring (í sumum tilfellum jafnvel viku eða lengur). Að lokum kemur ótryggt hlé með blíðuhótum, iðrun og elskusemi. Þetta er stundum kallað

„hveitibrauðsdagar“ en þetta eru engir hveitibrauðsdagar fyrir konuna. Þetta er í besta falli ótryggur gálgafræstur þar sem valdbeiting ríkir, hótanir, takmarkað frelsi og særindi. Hringurinn heldur áfram í spirál þar sem spennutímabilið lengist, ofbeldið verður hættulegra og hléin styttest eða verða að engu.¹⁴

Nánari lýsing á hringnum er „kærleikur, von, ótti“.

Viðbrögð konunnar breytast eftir því sem hringurinn vindur sig áfram. Á meðan á ofbeldinu stendur er mögulegt að hún rjúfi þögn sína og trúu einhverjum fyrir vandamálinu. En ef hlé verður á ofbeldinu segir hún að málin séu leyst milli þeirra hjóna og þetta sé ekkert til að hafa áhyggjur af. Ofbeldismaðurinn viðurkennir brot sitt og biðst fyrirgefningar. Þetta ferli fyrirgefningar og uppgjafar af hálfu konunnar og iðrun karlmannsins eru þættir í ofbeldishringnum. Skjót umskipti þolandans og ofbeldismannsins ættu að valda áhyggjum, ekki létti. Samkvæmt Marie Fortune er skýr munur á svona ótryggri sýndariðrun og raunverulegri iðrun sem byggist á langri og strangri vinnu við að taka stakkaskiptum í lífi sínu og hegðun.¹⁵

Ef kona þarf að komast út úr ofbeldisambandi er það auðveldast meðan á hléinu (hveitibrauðsdögum) stendur en þá er hún ólíklegust til að taka slíka ákvörðun. Allar tilraunir til að fara burt gætu magnað upp ofbeldi. Karlmaðurinn gæti kúgað konuna tilfinningalega með því að segja að hann geti ekki lifað án hennar. Hann gæti líka hótad að hefna sín ef hún yfirgefur hann vegna þess að hann álitur konuna eign sína sem hann ræður yfir og það yrði móðgun af grófasta tagi ef hún yfirgæfi hann.

Á meðan á hléinu stendur trúir konan því að ást hennar gæti breytt honum til hins betra ef hún stendur við hlið hans umhyggjusöm og traust. Þess vegna

ákveður hún að fara hvergi. Konan sem er búin að gefa mikinn tíma og orku í sambandið er dauðhrædd við að byrja á öllu upp á nýtt, sérstaklega ef hún á fyrir börnum að sjá og hefur verið innrætt að hún sé einskis virði. Kannski reynir hún að leita eftir því „góða“ í mannum sem hún giftist eða býr með og aðgreina þá mynd frá mannum sem lemur hana. Kannski sér hún ofbeldið sem sjúkleika sem hún gæti læknað. Ef hún er kristin var henni kannski kennt að fyrirgefa syndir og „bjóða hina kinnina“.

Guðfræði krossins er annað sem viðheldur hinni fórnandi þjáningu. Sama gerir fyrirmyndin af hinum þjónandi leiðtoga. Þess vegna er afspyrnu erfitt að brjóstast út úr vítahring heimilisofbeldis.¹⁶

6. Áhrif heimilisofbeldis á börn

Börn sem verða vitni að ofbeldi á heimilinu verða engu síður fyrir áhrifum en konurnar sem þurfa að þola það. Þau læra jafnvel að taka ástandinu sem sjálf-sögðum hlut. Drengir læra að líkja eftir ofsafengnum föður og nota ofbeldi til að leysa vandamál og fá sínu framgengt. Stúlkubörn læra að sætta sig við að barsmíðar tilheyri lífi kvenna. Þær setja jafnvel samasemmerki milli ástar og sársauka eða ofbeldis og geta leiðst út í sambönd með ofbeldishneigðum karlmönnum. Þannig heldur ofbeldið endalaust áfram.

Börn mæðra sem sæta ofbeldi eru sex sinnum líklegri til að reyna sjálfsvíg og 50 prósent líklegri til að misnota eiturlyf og áfengi. Meira en helmingur mæðra sem sæta ofbeldi berja börnin sín. 50 prósent heimilislausra kvenna og barna hafa flúið heimilisofbeldi.¹⁷

Rannsóknir í Bandaríkjunum afhjúpa staðreynd sem ýtir við mörgum en þar kemur í ljós að 100 prósent raðmörðingja

voru annað hvort sjálfir þolendur líkamlegs ofbeldis eða höfðu orðið vitni að því. Ofbeldi á heimilinu er sá þáttur sem hefur mesta forspárgildið um hvort börn leiðast út í afbrot á unglingsárunum. Þetta eru sannanir fyrir því hvernig ofbeldishringurinn viðheldur sjálfum sér án afláts, vex í gegnum börnin, margfaldast og þannig færirst ofbeldið í aukana.

7. Ofbeldi sem oft gleymist

Ofangreind lýsing á ofbeldi karla gagnvart konum og - beint eða óbeint - gegn börnum í fjölskyldunni endurspeglar það sem við nefnum „kvennakúgun“, kúgun karlmanns á þeirri konu sem hann býr með eða hefur búið með, konu sem að öðru leyti er heilbrigð og vel virk á besta aldri, kúgun sem setur mark sitt á börn hennar. En það er mikilvægt að við gleymum ekki þeim konum og börnum sem búa við ofbeldi sem er hluti af öðrum og flóknari lífsaðstæðum.

Hér getur verið um að ræða konur sem eru háðar eiturfjögum og eiga bág með að lúta aga þeirra heimila sem þeim bjóðast. Ef þær eru auk þess heimilislausar eiga þær á hættu að karlar, sem veita þeim húsaskjól, beiti þær ofbeldi og nauðgi þeim. Þessar konur geta almennt átt erfiðara með samskipti við lögreglu og dómstóla. Erfið staða þeirra verður líka börnum þeirra afdrifarík.

Einnig getur þetta átt við konur sem búa við mismunandi gerðir fötlunar þar sem ofbeldismaðurinn getur verið einhver sem þær eru háðar til að fá grundvallarþörfum sínum fullnægt. Konur með ólíkar hamlanir búa oft við sársauka jafnvel þótt þær séu ekki beittar ofbeldi. Þær geta átt mjög erfitt með að gera öðrum skiljanlegt hvað þær hafa mátt þola og geta líka átt erfiðara með að vera teknar trúanlegar en ófatlað fólk.

Þetta getur átt við eldri konur sem eiga oft mjög erfitt með að losa sig frá eiginmönnum sem eru veikir og þar sem sjúkdómurinn hefur gert ofbeldið verra. Eldri konur geta einnig verið beittar ofbeldi af hálfu annarra innan fjölskyldunnar en eiginmannsins, til dæmis fullorðinna sona. Þessar konur geta einnig búið við skerta líkamsgetu (til dæmis málerfiðleika) eða sjúkdóma (til dæmis elligliöp) sem gera þeim erfitt - stundum ómögulegt að skýra öðrum frá því sem þær hafa orðið fyrir og verða teknar trúanlegar. Það er líka mjög erfitt fyrir konur að segja frá ofbeldi sem þær hafa verið beittar ef gerandinn er veikur aðstandandi eða manneskja sem þær eru háðar.

Hér getur líka verið um að ræða samkynhneigt fólk - af báðum kynjum - sem verður fyrir ofbeldi fólks sem getur ekki sætt sig við kynhneigð þess.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- *Haldið sérstakt námskeið fyrir starfsfólk kirkjunnar, þ.á.m. æskulýðsleiðtoga, til að tryggja að komið sé fram við þolendur af virðingu og að þolendur geti sótt rétt sinn og fái tækifæri til að byggja sig upp á ný.*
 - *Takið saman og hafið handhægt efni sem nota má til að hjálfa ráðgjafa meðal leikra og lærðra, kvenna og karla.*
 - *Fylgist með stefnumótun og leikreglum um það hvernig bregðast skuli við ofbeldi innan kirkjunnar.*
 - *Hafið hugrekki til að hlusta á frásagnir kvenna, barna og unglunga um ofbeldi þegar þið mætið þeim í sálgæslusamtölum eða í barna- og unglingastarfi kirkjunnar. Trúið frásögnum þeirra og styðjið þau til að leita sér hjálpar.*
- *Látið konur vita af:*
 - *Þeim breytilegu tilfinningum sem þær gætu gengið í gegnum. - Þær gætu átt það til að afsaka ofbeldismanninn, draga kærana til baka eða snúa aftur í ofbeldissambandið.*
 - *Að það eru til aðrar lausnir í gegnum samstöðunet kvenna.*
 - *Leiðum til að koma málum sínum á framfæri í gegnum dómskerfið.*

Ítarefni

„Women and Rape.“ Written in cooperation with Women’s Solidarity and the Law Society of Namibia. Windhoek: Federation of Namibian Women, 1992.

„Það sem þú getur gert til að verja þig.“ Viðauki I A.

„Hvað er til ráða ef kona segir þér frá því að hún hafi verið beitt ofbeldi.“ Viðauki II D.

3.1. Ofbeldi bundið samfélagsgerðinni

Þegar fólk tilheyrir skipulögðu samfélagi, eins og fjölskyldu, samfélagshópi og trúarstofnunum, styrkist sjálfsmyndin og það finnur fyrir samkennd með öðrum. En slík kerfi geta orðið vettvangur ofbeldis. Samt er ætlast til þess að konur haldi verndarhendi yfir þessum sömu kerfum og leiki þar sitt hlutverk. Karlmenn finna líka fyrir hömlum í því hlutverki sem þeim er ætlað að leika. Ofbeldi sem getur falist í slíkum skipulögðum kerfum fer oft dult en því er haldið við af hópnum og réttlætt í því augnamiði að viðhalda röð og reglu. Einkenni slíks ofbeldis eru:

- Þolendur geta verið einstaklingar eða hópar sem eiga eitthvað sameiginlegt.
- Þótt löggjöfin knýi fram breytingar getur kerfið haldist óbreytt.

„Ofbeldi gegn konum hefur djúpar rætur í valdaspili karla og kvenna.“¹⁸ Karlmonnum er gefið samfélagslegt vald yfir konum en þeir misnota þetta vald ef þeir nota það til að stjórna öðrum og kúga.

Mörgum konum hefur verið innrætt sú trú að konur séu valdalausar og hafi engan rétt til eigin valds. Orðið vald hefur sterka skírskotun til stjórnsemi og okkur (konum) líkar ekki að vera álitnar stjórn-samar.¹⁹

Konum er kennt og trúá því oft að þær eigi ofbeldið skilið. Auk þess gera mörg samfélög lítið til að hindra eða draga úr ofbeldi eða refsa ofbeldismönnum. Jafnvel þar sem skýr lög gegn heimilisofbeldi

eru í gildi er algengt að lögregla og dómstólar hirði ekki um vandann eða geri lítið úr honum.²⁰

Þess vegna er enn sorglegra þegar konur sem gegna uppeldisstörfum eiga þátt í að viðhalda þessu skaðlega athæfi.

Í mörgum heimshlutum útskúfar kirkjan konum ef þær eru fráskildar, einhleypar eða ógiftar mæður. Fordæmingin stigmagnast ef konur eru vændiskonur eða þolendur nauðgunar án þess að nokkur tilraun sé gerð til að skilja þær samfélagslegu aðstæður sem koma konum í slíka stöðu.

Sú stefna sem heldur fram mismunun kynjanna (sexismi) viðheldur þeirri skoðun að annað kynið sé hafið yfir hitt af líffræðilegum ástæðum.

Sögulega séð hefur þessi stefna haldið fram þeirri skoðun að karlkynið sé æðra kvenkyninu, það sé náttúruleg mátt. Ýmis ráð hafa verið notuð til að styrkja þessa skoðun en hún á margt sameiginlegt með kynþáttahatri þar sem fordómar flokka hóp fólks sem ófullkomnar manneskjur, skipa því skör lægra og neita því um ákveðin réttindi einungis á grundvelli líffræðilegra og/eða sálfræðilegra einkenna. Rétt eins og kynþáttahatur gengur út á að líta niður á fólk vegna hörundslit- ar eða uppruna þannig mismunar þessi stefna fólki vegna kynferðis, metur konur minna en karlmenn og vinnur hörðum höndum við að halda þeim á „sínunum stað“ í samfélaginu. Í báðum þessum stefnum eru það líkamleg einkenni sem eru látin marka heildareðli manneskjunnar þannig að grundvallarvirðing manneskjunnar er fótum troðin.²¹

Mismunun kynjanna festir í sessi stöðluð hlutverk karla og kvenna á margslunginn hátt. Í mörgum samfélögum kemur föst hlutverkaskipan í veg fyrir að stúlkur eða konur fái tækifæri til að mennta sig eða velja sér námsgrein og starf. Þetta takmarkar starfssvið þeirra og veldur því að þær eru bundnar við ákveðin störf, hlutverk eða landsvæði. Bæði karlar og konur eru alin upp við það frá blautu barnsbeini að þetta sé eðlilegt og nauðsynlegt til að halda röð og reglu í fjölskyldunni og samfélaginu. Kynskipt atvinnulíf gerir ráð fyrir að karlmenn hafi yfirráð yfir auðlindum og taki mikilvægar ákvarðanir meðan konur hafi ekki vald til að semja um eitt eða neitt. Mismunun kynjanna getur birst á ýmsan hátt:

1. Karlmiðuð sýn

Ef einungis er horft á heiminn frá sjónarhóli karla er hætt við því að litið sé þannig á konur að þær stjórni ekki lífi sínu sjálfar heldur láti aðra stjórna því. Afleiðingarnar geta orðið þessar:

Kvenhula eða ósýnileiki kvenna. Dæmi um þetta er þegar sögum af konum í Ritningunni er sleppt. Guðspjöllin segja t.d. að María Magdalena hafi ein eða meðal annarra kvenna séð Jesú upprisinn. En þegar Páll talar um það segir hann í fyrra Korintubréfi 15:5-6: „... og hann [Jesús] birtist Pétri, síðan þeim tólf. Því næst birtist hann meira en fimm hundruð bræðrum í einu.“ Frásögnin af því að hann birtist konunum fyrst eftir upprisuna er gjörsamlega þurrkuð út.

Kvenhatur: Hatur á konum er réttlætt með því að eigna konum upptök syndarinnar, t.d.: „Af konum stafar allt hið illa.“ Haldið er áfram á svipuðum nótum.

Karlmiðuð sýn birtist meðal annars í því að tungumálið útilokar annað kynið, til dæmis er orðið menn notað yfir bæði

karla og konur, valdatitlar eru karlkyns, eins og formaður og ráðherra og oft er talað um bræður í stað þess að segja bræður og systur. Þannig eru líka settar reglur sem útiloka konur frá leiðtoga-störfum. Þá er oft sagt að þar sem allir lærisveinarnir voru karlar þá megi bara vígja karla til prestsþjónustu.

2. Óhóflegar alhæfingar

Þetta kemur fram þegar aðilar rannsóknar eru annaðhvort karlar eða konur og síðan dregnar almennar ályktanir af rannsóknunum og niðurstöður þeirra yfirfærðar á bæði kynin. Frönsk tunga er mjög karlmiðuð og þar er vísað til hóps í karlkyni þótt hann samanstandi af milljón konum bara ef eitt sveinbarn er með. Á frönsku er orðið mannréttindi „droits de l’homme“, þ.e. réttur karlmannsins. Kirkjan notar enn titilinn „Jesús mettar fimm þúsund manns“ þó að í textanum standi: „En þeir sem neytt höfðu, voru um fimm þúsund karlmenn, auk kvenna og barna.“ (Matt. 14:21)

3. Sofandaháttur gagnvart kynferði og siðferðileg tvöfeldni

Í mörgum löndum og samfélögum er karlmaðurinn talinn höfuð heimilisins samkvæmt lögum, jafnvel þó að hann sé atvinnulaus eða ónytjungur og konan sé aðalfyrirvinnan. Karlmaðurinn telst „aðalfyrirvinna“ og litið á konuna sem „aukafyrirvinnu“. Í mörgum löndum er konum refsað fyrir brot sem karlmenn komast upp með. Dæmi um slíka tvöfeldni er þegar kona var staðin að hór-dómi (Jóh. 8). Karlmaðurinn fékk að ganga frjáls ferða sinna en menn færðu konuna til Jesú að hann dæmdi hana.

4. „Viðeigandi“ kynhegðun

Fólk sem fellur ekki inn í fyrirfram mótuð kynhlutverk er álitð afbrigðilegt eða til vandræða. Ef móðir fer út að vinna er hún oft spurð: „Hvernig munu börnin

taka þessu og spjara sig?“ Þessari spurningu er aldrei beint að föðurnum. Þetta er byggt á þeirri hugmynd að umönnun barna sé ábyrgð móður en ekki beggja foreldra.

5. Fjölskylduhyggja

Það er í anda fjölskylduhyggju að staða konunnar sé fyrst og fremst innan fjölskyldunnar. Þá er gengið út frá því að fjölskyldan sé lítil kjarnaeyning frekar en hópur nokkurra fjölskyldumeðlima og að fjölskyldan sé helsta og eina verkefni kvenna. Fjölskyldan sé algjörlega í fyrir-rúmi og konur þurfi að laga allar sínar þarfir að henni.

6. Eru kynin andstæður?

Oft er komið fram við kynin eins og tvo

afmarkaða hópa með ólík mannleg sérkenni. Til dæmis er það útbreidd skoðun að karlmenn vinni út frá „skynsemi“ en konur út frá „tilfinningum“, að karlmenn séu „sterkir“ og konur „veiklyndar“.

7. Málamyndaaðgerðir

Stundum er gripið til málamyndaaðgerða fyrir siðasakir eða í nafni kynjakvóta til að fylgja pólitískri réttisýni. Dæmi um það er þegar ein kona er vígð til prests eða kosin í stjórnunarstöðu í kirkjunni. Í slíkum tilfellum stendur konan ein án stuðnings annarra kvenna og verður þá oft óframfærin og varkár í stað þess að bjóða þeim birginn. Hún laðar sig að karlakerfinu og fer jafnvel að hegða sér eins og karlmaður til að njóta viðurkenningar þeirra.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- *Komið af stað umræðum í stofnunum kirkjunnar og notið orðið kynferði sem greiningartæki til að skilja hvað átt er við þegar talað er um stöðluð kynhlutverk, stigveldi og feðraveldi, vanmat á konum og notkun valds í samskiptum kynjanna.*
 - *Ræðið saman um hugtökin yfirráð og vald sem tæki til breytinga og nýjunga í stað þess að nota þau til að hafa stjórn á öðrum. Það getur verið hér til fyrirmyndar hvernig Jesús afsalaði sér valdi og notaði vald til að styrkja annað fólk í stað þess að undiroka það.*
 - *Haldið leiðtoganámskeið fyrir konur í kirkjunni.*
 - *Gætið jafnréttis í öllum starfsáætlunum og samþykktum, reglugerðum og leiðbeiningum innan kirkjunnar.*
- Gefið konum sömu tækifæri og körlum til áhrifastarfa í stofnunum kirkjunnar.*
 - *Komið á fót umræðuvettvangi karla þar sem rætt er um nýjar karlfyrirmyndir til að:*
 - *brjóta niður „karmennsku“ ímyndina og undirstrika nauðsyn þess að karlar geti sýni tilfinningar eins og ást, sársauka og sorg,*
 - *viðurkenna að karlmenn geti hlúð að öðrum og verið stoltir af því,*
 - *brjóta niður þá „kvenlegu“ ímynd að konan eigi að vera auðmjúk, hlýðin, ósérhlífín móðir og setja í staðinn ímynd sjálfstæðrar, þroskaðrar konu sem ber að sýna virðingu,*
 - *hvetja karlmenn til að læra að tjá reiði sína án þess að beita ofbeldi.*

Ítarefni

The Cry of Tamar: Violence against Women and the Church's Response. Pamela Cooper-White. Chap.I, „Power and Violence against Women.“ Minneapolis: Fortress Press, 1995, bls. 17-42.
The Power We Celebrate. Women's Stories of Faith and Power. Edited by Musimbi Kanyoro and Wendy S. Robins. Geneva: LWF Publications, 1992.

„Leið karla til að binda enda á ofbeldi gegn konum.“ Viðauki III A.

„Hvítir bordar.“ Viðauki III B.

3.2. Menningarbundið ofbeldi

Sú tregða, sem felst í menningarlegum og félagslegum viðmiðum, hefðbundnum viðhorfum og neikvæðum stöðluðum kynmyndum, er sögð helsta hindrunin á leiðinni til jafnréttis kynjanna.²²

Menning er summan af gildismati, viðhorfum, skoðunum, samskiptamynstri kynjanna, uppeldisaðferðum, stjórnarháttum og svo framvegis. Hún er fólgin í efnahagslegu, pólitísku, félagslegu og trúarlegu skipulagi á tilveru fólks. Sum menningarsamfélög hafa þróast vegna þess að fólk hefur búið við sömu aðstæður í mörg ár, önnur vegna búferlaflutninga, verslunar, stofnunar nýlendu og nú, á síðustu árum, hnattvæðingar. Menningin stuðlar að því að komið sé fram við drengi og stúlkur á ólíkan hátt. Menningarmynstur og -kerfi eru oft undirrót ofbeldis, t.d. eyðing kvenfóstra, deyðing stúlkubarna, vísvitandi vanræksla á heilsu og menntun stúlkna og limlesting á kynfærum stúlkubarna. Ennfremur hefur nýlendustefnan, sem átti sér stað í meirihluta heimsins og færði fólki kristni á vestrænan máta, þurrkað út marga góða siði heimafélks. Nú á tímum er ráðskast með konur á nýjan hátt. Eitt dæmi um slíkt eru „múlatta“ konur sem þykja „kynþokkafullar“ og eru til sýnis á kjótkveðjuhátíð-

um í Brasilíu. Auk þess er menningin nú hlaðin vafasamri merkingu sem er notuð til að draga úr þróun mannréttinda.

Í kirkjulegu samhengi styður lagahefð 5. Mósebókar víða kvenfjandsamlega menningu heimafélks, t.d. hugmyndina um hreinleika, mengun og að konan sé óhrein þegar hún hefur blæðingar. (3. Mós. 15: 19-31). Fyrir utan þetta eru biblíutextar enn notaðir til að styðja hugmyndafræði um misrétti kynþátta, kynja og stétta.

1. Ofbeldi tengt trúarathöfnum

Til er ofbeldi sem framið er í nafni hefðbundinna athafna, eins og mustersvændi og barnafórnir, dulspeki eða djöfladýrkun. Í sumum trúarbrögðum eru ekkjur skyldugar til að fylgja ákveðnu ritúali það sem eftir er ævinnar, klæða sig og hegða sér á sérstakan hátt. Á Indlandi verða ekkjur t.d. að hætta að bera öll heillamerki, eins og sindhoors, (rauður litur í hárskiptingunni) bindis (depill) á enninu, gult litarefni og blóm eða hálsfestina sem þær fengu við giftinguna. Þær mega ekki taka virkan þátt í gleðihátíðum, ekki einu sinni innan eigin fjölskyldu. Þær fá hvorki að erfa fasteignir né aðrar eigur eiginmannsins og njóta ekki lífeyrisréttinda hans. Sums staðar er gert ráð fyrir því að bræður mannsins erfi konuna sem hluta af eignum hans og að hún hafi ævilangar skyldur við þá án þess að hafa nokkurn sjálfsákvörðunarrétt.

2. Limlesting á kynfærum stúlkubarna

„Á hverju ári eru tvær milljónir stúlkna stórskaddaðar þegar kynfæri þeirra eru limlest. 75 prósent þessara tilfella eiga sér stað í Egyptalandi, Eþíópíu, Keníu, Nígíríu, Sómalíu og Súdan.“²³ Kynfæri kvenna eru skorin burt í þeirri trú að það varðveiti skírlífi þeirra og forði þeim frá kynferðislegum hvötum sem gætu leitt

þær í freistni eða jafnvel til vansæmdar. Fyrir utan áfallið og sársaukann geta afleiðingarnar verið mjög alvarlegar. Mikill blóðmissir, blóðeitrun og stífkrampi fylgja oft strax í kjölfarið. Einnig eru þekktir fylgikvillar bólga í þvagfærum og nýrum, þvagleki og uppsafnað tíðablóð vegna þess að kynfærin eru saumuð saman að hluta til. Algengt er að konur geti ekki lifað eðlilegu kynlífi vegna sársaukans sem fylgir samförum. Fæðingar ganga oft erfiðlega fyrir sig og börn fæðast stundum andvana þegar fæðingin hefur dregist á langinn.

Ekki hafa verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á sálfræðilegum og félagslegum áhrifum á konurnar eða nýfædd börn þeirra. Flestum konum er talin trú um að limlesting á kynfærum þeirra sé trúarleg skylda þó að það sé hvergi nefnt í Heilagri ritningu. Menningin þrýstir svo á foreldra að láta umskera börn sín að jafnvel vel upplýstar og menntaðar konur láta dætur sínar ganga í gegnum þennan óparfa sársauka. Hefðin réttlætir þessar aðgerðir með því að þetta sé eins konar vígsla sem geri stúlkur að fullorðnum konum. Það er misskilningur að þessi aðgerð auki frjósemi og verndi legið. Limlesting á kynfærum

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- *Sjá til þess að allt fólk sem starfar í alþjóðlegu hjálparstarfi kirkjunnar á svæðum þar sem limlesting á kynfærum stúlkubarna viðgengst, ásamt þeim sem gegna stjórnunarstöðum í slíkum hjálparstofnunum, hafi þekkingu á þessu efni og viti um útbreiðslu þess.*
- *Leiða Biblíuleshóp þar sem eftirfarandi textar eru lesnir út frá kvenfrelssjónarmiðum: 2 Kon. 4:1-7, 4 Mós. 27:1-11, 1 Kor. 14:33-36, 1 Tím. 2:2-21*

stúlkna er mikilvæg tekjulind fyrir fólk sem hefur umskurð að atvinnu og heimanmundur stúlkna hækkar í verði. Allt þetta vinnur gegn afnámi þessa siðs.

Ítarefni

„Genitalverstümmelung von Mädchen und Frauen - Eine kirchliche Stellungnahme.“ EKD Texte Nr. 65. Hanover: Evangelical Church in Germany, 1999.

3. Heiðursdráp

Heiður er sjálfsvirðing manneskjunnar í eigin augum og augum þess hóps sem hún tilheyrir í samfélaginu. „Heiður telst heiður þegar krafan innan frá og utanaðkomandi álit fara saman.“²⁴

Heiður þjónar félagslegri stöðu fólks og veitir því rétt til að umgangast jafningja sína, yfirmenn og undirmenn á sérstakan hátt, samkvæmt fyrirfram ákveðnum menningarlegum reglum sem þjóðfélagið setur.²⁵

Sameiginlegur heiður samfélagsins er talinn mikilvægari en heiður einstaklingsins.

Heiður karlmannsins byggist á einkarétti hans yfir hreinleika kvenna sem honum eru tengdar fjölskylduböndum (móðir, eiginkona, dætur og systur). Þetta er einkaréttur sem tengist kynferði þeirra. Kynferðislegur hreinleiki hans skiptir ekki máli. Þannig er ætlast til þess af konum að þær séu undirgefnar, óvirkar, feimnar, ósjálfstæðar og þægar; þá er borin virðing fyrir þeim. Hisako Kinukawa kallar þetta „menningu smánar“ frekar en „menningu heiðurs“ af því að heiður hlotnast af því að forðast vansæmandi hegðun. Konum er refsað ef þær víkja af réttri braut, gegna ekki því hlutverki sem þjóðfélagið hefur úthlutað þeim og óhlýðnast reglum þess. Þær eru pyntaðar eða drepnar til að end-

urheimta heiður fjölskyldunnar, ættbálksins, stéttarinnar eða samfélagsins. Þeim er refsað, öðrum konum til viðvörunar, fyrir að fara yfir þau mörk sem samfélagið setur. Þegar Talibanar tóku völdin í Afghanistan árið 1996 voru konur neyddar til að klæðast burqua (flík sem hylur allan líkamann nema augun) og voru bardar og grýttar á almannafæri fyrir að klæðast óviðeigandi fötum, jafnvel þó að það væri bara að sleppa neti fyrir augunum. Konur máttu ekki vinna eða vera á almannafæri án fylgdar karlkyns ættingja.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- *Fræðist um menningu smánar og heiðurs til að geta rætt um þau mál af meiri þekkingu.*
- *Ræðið á gagnrýninn hátt um söguna af Tamar (2.Sam. 13) út frá þekkingu um menningu smánar og heiðurs*

4. Kynlíf og hjónaband

Hjónabandið er talið heilög stofnun, vígð Guði. Það gildir ef báðir aðilar eru sammála um það. En margir karlar taka enn yferráð karlmannsins og feðraveldi í hjónabandi fram yfir jafnræði. Heitorð og prédikanir við hjónavígslur endurspeglar venjulega þessar hugmyndir sem eru síðan grundvöllur að ójafnræði í hjónabandinu. Sú skoðun að líkami konunnar sé einungis til að þjóna karlmanninum, að frumskylda konunnar sé að geta af sér afkvæmi, sinna fjölskyldunni og bera ábyrgð á takmörkun barneigna er konum þung byrði. Það gerir illt verra ef bannað er að tala um kynlíf og ef konur eru ólæsar, fáfróðar um eigin líkama. Skortur á umræðu innan kirkjunnar um óvelkomnar þunganir, fóstureyðingar, dráp á stúlkubörnum og aðferðir við

takmörkun barneigna fyllir konur sektarkennd og skömm; þeim er útskúfað félagslega og refsað grimmilega. Á sumum menningarsvæðum eru börnin tekin af fráskildum konum. Kirkjan þegir oft þunnu hljóði þar sem fjölkvæni er við lýði. Stundum eru konur, sem geta ekki eignast börn, hraktar burt úr fjölskyldunni.

Nú eru gerðar æ meiri kröfur til skilnings á mismunandi lífsháttum fólks. Allt þetta verða kirkjurnar að þora að horfast í augu við og meta hjónabandssiðfræði sína í ljósi þess. Hér er um að ræða hefðbundna siði og venjur sem kirkjan verður að þora að ganga á hólm við.

Fastheldni við venjur, eins og þær að ekkjur séu hluti af arfi mannsins, setur konur í enn meiri hættu. Án þess að hafa nokkuð að segja um ábyrga kynhegðun karla eru konur í mikilli smithættu þar sem eyðnifaraldurinn heldur áfram að herja á þjóðir og samfélög. Kirkjan hefur oft hikað við að gagnrýna þessa skaðlegu menningarsíði eða að bjóða siðferðilega ráðgjöf.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- *Skoðið hugmyndir um hjónabandið, fjölskylduna og kynlíf í ljósi guðfræðinnar og veltið fyrir ykkur hvernig lífshættir og aðstæður hafa breyst.*
- *Skafið aðstæður í öllum söfnuðum kirkjunnar þar sem hægt er að ræða um samlíf út frá jafnræði og virðingu fyrir manneskjunni.*
- *Lesið saman eftirfarandi kafla í Biblíunni: I. Mós. 2:24, Matt. 19:5-6, Mark. 10:7-8, Efesus, 5:30-31, I. Kor. 7:1-4.*

3.3. Áhrif hnattvæðingar efnahagslífsins og nútímavæðingar

Hnattvæðing efnahagslífsins breikkar enn frekar bilið á milli fólks í heiminum. Hagsmunir markaðarins draga úr áhrifum ríkisstjórna, alþjóðlegra stofnana og hlut félagslegrar þjónustu í samfélaginu. Þetta hefur bein áhrif á konur og börn. Tilfærsla á fjármagni, náttúruauðlindum og staðbundinni sérfræðipækkingu eykst hröðum skrefum. Flutningur ákvörðunarvalds frá þjóðríkjum til fjölþjóðastofnana veldur því að fleiri tapa en vinna og þetta gerist hraðar en nokkru sinni fyrr. Hnattvæðing framleiðslunnar hefur valdið því að æ fleiri störf teljast kvenna-störf, sérstaklega í matvælaframleiðslu, fatagerð og færibandavinnu. Slík störf gera konum ekki kleift að þroska með sér aðra hæfileika en þá að vinna við tilbreytingarlausu fjöldaframleiðslu, störf gjörsneydd allri sköpun. Konur vinna langan vinnudag í eins konar þrælubúðum („sweat shops“). Samningar við undirverktaka skapa ringulreið og þeim störfum fjölgar sem gefa hvorki af sér fasta umbun né laun. Þessar konur reyna að sjá fjölskyldu sinni farborða við erfiðar aðstæður og lifa við sára fátækt. Þannig verða þær varnarlausar og eru enn frekar hlunfarnar.

Breytingar á efnahagskerfinu hafa fært út verksvið margra kvenna þannig að nú eru þær líka fyrirvinna fjölskyldunnar. Þegar karlmenn flytjast til stórborganna í leit að lífsviðurværi verða konurnar eftir og þurfa ekki aðeins að sjá sjálfum sér farborða heldur allri fjölskyldunni. Um leið er ætlast til að þær haldi áfram að vinna sjálfboðastörf í kirkjunni og félagslega geiranum. Konur sem hafa ekki starfsmenntun og enga samningsaðstöðu eru tældar með draumsýnum um betra líf og gerast farandverkakonur af því að þær eiga ekki annarra kosta völ.

Í þessari veiku stöðu er oft farið illa með konur, þær beittar ofbeldi í kynlífi, haldið í ánaud þar sem þær eru niðurkomnar og hafa hvorki aðgang að heiminum fyrir utan né mannsæmandi laun. Þær lifa við ótta og sút vegna þess að þær skortir upplýsingar um rétt sinn og félagslega aðstoð, auk þess sem þær eru algjörlega háðar vinnuveitanda sínum. Oft eru þær neyddar til að vinna langan vinnudag, fá ekki frítíma eða nægan mat, ferðaskilríki, peninga eða leyfi til að hafa samskipti við umheiminn. Þar sem þær skilja ekki tungumálið sem talað er í nýja landinu eru þær sjaldnast skráðar hjá viðeigandi yfirvaldi. Þær lifa í stöðugum ótta við að vera handteknar, sektaðar, fangelsaðar eða sendar úr landi.

Þegar ræktað land er lagt undir verksmiðjur flosna innfæddir bændur upp. Þegar fólk flosnar upp hópum saman án þess að fá viðunandi skaðabætur, leiðsögn eða upplýsingar um hvernig hægt sé að framfleyta sér lendir ábyrgðin á fjölskyldunni oft á herðum kvenna. Þegar fjölþjóðafyrirtæki ráðast í stórfelld jarðræktarævintýri hætta sjálfsþurftarbændur að vera landeigendur og verða láglaunaverkamenn sem ráða engu um verðlag, notkun eða dreifingu uppskerunnar. Offramleiðsla á söluafurðum, tilbúinn áburður og skordýraeitur hafa skaðleg áhrif á uppskeruna, heilsu fólks, fjölbreytni lífríkisins og frjósemi jarðarinnar. Fjölþjóðafyrirtækin taka þekkingu innfæddra traustataki, fá á henni einkaleyfi og selja þeim hana aftur. Þegar aðgangur kvenna að hefðbundnum og venjubundnum atvinnuvegum þrengist og þær fá ekki starfsþjálfun til að aðlagast breyttum aðstæðum versnar staða þeirra enn gagnvart nýjum atvinnutækifærum.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- Hvetjið söfnuði til að skoða hvaða áhrif hnattvæðing efnahagslífsins hefur á samfélag þeirra.
- Hvetjið söfnuðina til að taka þátt í baráttunni fyrir niðurfellingu skulda fátækra þjóða.
- Styðjið hjálparstarf kirkjunnar þar sem unnið er að því að efla atvinnu-
möguleika í fátækum ríkjum heims.

1. Verslun með konur og börn

Verslun með konur og börn, mansal, er þriðja hæsta tekjulind heims á eftir ólöglegri vopnasölu og fikniefnasölu. Þeim er annaðhvort rænt eða salan fer fram í gegnum „millilið“, fjölskylduna eða jafnvel einstaklingana sjálfa, sem eru nauðbeygðir til að leita betri lífskjara. Oft meðhöndla yfirvöld þau sem lögbrjóta og ákæra þau fyrir að koma ólöglega til landsins eða taka þau föst eftir eigin geðþótta. Þau hljóta fésektir og ef þau geta ekki borgað er þeim varpað í fangelsi eða send í óskilgreint varðhald í óákveðinn tíma án réttarhalda eða lögfræðingsaðstoðar. Að öðrum kosti eru þau skilin eftir á landamærum erlends ríkis án þess að eiga nokkurn möguleika á að komast aftur heim heilu og höldnu. Það verður oft til þess að fólkið er handtekið aftur, sent í varðhald og jafnvel pyntað. Þegar konur eru seldar útlendingum í hjónaband verða þær oft fyrir hræðilegu mótlæti.

Tölur sýna að æ fleiri börn verða fyrir barðinu á þessari lævísu atvinnugrein sem minnir á mafiuna og á oft vitorðsmenn hjá lögreglunni heima fyrir. Hver sem reynir að skerast í leikinn teflir lífi sínu í hættu. Hér er um að ræða tíu milljónir barna um heim allan. Tvær milljón-

ir eru seldar yfir landamæri á hverju ári. Í Asíu einni eru milljón börn beitt ofbeldi á hverjum degi. Salan fer fram leynilega eða með löglegum ferðaskilríkjum, þriggja mánaða vegabréfsáritun ferðamanna eða í gegnum pappírhjónabönd.

2. Kynlífsferðir

Þetta er atvinnugrein í örum vexti.

Árið 1999 komu 8,5 milljónir ferðafólks til Tailands. Það er almennt talið að 70 prósent þeirra séu karlmenn einir á ferð, 49 prósent koma sérstaklega til að eiga kynmök við börn. Ef þetta reynist satt kom 49 prósent þeirra til kynlífsiðkana.²⁶

Þeir koma aðallega frá Austur-Asíu, Bandaríkjunum og Evrópu. Nokkrar ferðaskrifstofur, sem vinna saman, bjóða upp á ódýrar ferðir af þessu tagi. Þegar þjóðir eru komnar á vonarvöl vegna umróts í þjóðfélaginu eiga konur fáa aðra kosti en að selja líkama sinn og fjölskyldu sinnar til að komast lífs af. Síðan eru þær útskúfaðar úr fjölskyldunni og samfélaginu.

3. Nauðgun

Nauðgun er innrás inn í persónulegasta, viðkvæmasta og það sem kalla má heilagasta hluta mannlíkamans og er þannig jafnt andlegur eða trúarlegur glæpur sem líkamlegur.²⁷

„Í nauðgun sameinast allt hatur, öll fyrirlitning og kúgun á konum í þessu samfélagi í einum verknaði.“²⁸ Hópnauðgun, þ.e. þegar fleiri en einn nauðgar sömu konunni, er sérstaklega ruddaleg birtingarmynd kynferðislegs ofbeldis. Áhrifin vara lengi og konan verður oft þolandi annarra ofbeldisverka.

Í nauðgun upplifir konan að lífi hennar sé ógnað jafnvel þó að högginn dynji

ekki beinlínis á henni. Hún lærir þá hræðilegu lexíu að konur séu þolendur, stjórnað af nautsterkum körlum sem hafa komið sér vel fyrir í þjóðfélaginu eða eru taldir tilheyra æðri stétt eða kynþætti.

Nauðgun var notuð sem vopn þegar menn tóku nýlendur og er beitt í æ ríkari mæli sem vopni í stríði, sem pólitísku vopni til kúgunar og til að misþyrma föngum. Nauðgun er líka notuð til að umbuna körlum, beita valdi og treysta yfirráð. Þetta er talin árangursrík aðferð til að niðurlægja konur sem eru taldar eign karlmanna og til að saurga hreinleika kynstofns með því að geta ný afkvæmi.

Það má aldrei rugla saman nauðgun og stjórnlausri ástríðu. Nauðgun er oftast undirbúin og skipulögð í smáatriðum. Hún er ekki útrás fyrir óviðráðanlega kynhvöt heldur árás sem stjórnast af þörf fyrir að sýna vald, yfirráð og hatur í garð kvenna og þörf fyrir að niðurlægja þær og hefna sín á þeim.

- Nauðgari getur ekki afsakað sig með því að hafa verið undir áhrifum áfengis og eiturlyfja þó að það geti vissulega dregið úr hömlum hans.
- Það eru ekki einungis ungar og fallegar konur sem verða fyrir barðinu á nauðgurum heldur einnig smábörn, krakkar og gamlar konur. Karlmaður gæti nauðgað hvaða manneskju sem er ef hún er varnarlaus, aðgengileg og innan seilingar.

Konur vilja ekki láta nauðga sér. Þriðjungur nauðgana á sér stað inni á heimilum og þriðjungur að degi til. Meira en helmingur nauðgana er framinn af einhverjum sem konan þekkir persónulega.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- *Kirkjan leggi sitt af mörkum til baráttunnar gegn verslun með konur og börn og kynlífsferðum.*
- *Komið af stað umræðum um nauðgun, viðhorf til kynlífs og ofbeldis í fermingarfræðslu og æskulýðsstarfi.*
- *Leggið áherslu á að það er aldrei til nein afsökun fyrir nauðgun, hvorki alkóhólismi, misnotkun eiturlyfja, tæling eða tímabundið stjórnleysi.*

Nú er nauðgun í hjónabandi talin refsiverður glæpur samkvæmt lögum í sumum löndum.

Ítarefni

„Hvað þurfa þolendur nauðgunar að ganga í gegnum?“ Viðauki II C.

4. Yfirgangur tækninnar

Í sumum samfélögum vill fólk frekar eignast sveinbörn en stúlkur. Þar er því reynt að hafa áhrif á kyn barnsins með erfðatækni og stundum er kvenfóstrum eytt. Skaðlegum getnaðarvarnarpillum er dreift meðal kvenna. Getnaðarvarnir eru prófaðar á fávísu og saklausu konum í fátækum löndum, með eða án þeirra vitundar. Þetta er gert til að hafa hemil á fólksfjölgun eða til að prófa áhrif nýrra aðferða og lyfja. Þannig lúta konur stjórn maka sinna, fjölskyldunnar, ríkisstjórnar, trúarkenninga og læknávisindanna þó að það séu konurnar sjálfar sem upplifa ótímabæra þungun, fóstureyðingu, frjósemisaðgerðir, sársaukann, sektarkenndina og afleiðingarnar af þessu alla ævi.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- *Styðjið kirkjulegt starf og verkefni kvenna sem stuðla að bættri heilsu kvenna og möguleikum þeirra til að ráða yfir eigin líkama.*

5. Fjölmiðlar

Neikvæðar ímyndir og staðlaðar kvenmyndir gerast æ útbreiddari. Það skortir sameiginlegt átak til að bæta og breyta stöðu kvenna gegnum þau samskiptanet sem til eru. Fegurðarsamkeppnir og fyrirsætubransinn segja til um hvernig líkami kvenna eigi að líta út og setur það mikinn þrýsting á konur. Það getur leitt til ranghugmynda um útlitið og endað í sjálfseyðileggjandi átröskun, eins og lotugræðgi og lystarstoli. Í fjölmiðlum er sýnt svo mikið ofbeldi að fólk er ekki bara orðið ónæmt fyrir því heldur hefur það líka leitt af sér ofbeldisdýrkun.

Börn í velmegandi samfélögum gleypa þessa menningu í sig í gegnum sjónvarpið. Þeim er vísvitandi kennt að fremja mörg hundruð ofbeldisverk á klukkustund með því að leika skaðlega myndbandsleiki og stundum verða þau ofbeldishneigð í raunveruleikanum.

Notkun internetsins til að selja konur og klám hefur orðið til þess að konur eru hlunnfarnar enn frekar. Skortur á tækni

til að koma reglu á notkun internetsins hefur ekki bætt ástandið. Vissulega hefur klám alltaf verið til staðar og konur verið hlunnfarnar en nú á tímum er enn erfiðara að fylgjast með þessu og halda því í skefjum. Konur og stúlkubörn verða fyrir barðinu á klámvæðingu, kynlífsferðum og kynlífsverslun og hefur þetta ágerst mjög í gegnum tölvusamskipti. Kynlífsverslunin getur nú notað vefsíður til að sýna myndir af konum og ná þannig til miklu fleira fólks. Niðurstaðan er sú að á svæði SP í Evrópu fylgjar óðum vefsíðum sem sýna kvenhatur. Sá klámfengni og soralegi andi sem einkennir þessar síður gæti fælt konur í þessum heimshluta frá því að nota netið.²⁹

Af 3,5 milljónum vefsíðna hafa fundist 23.000 kynlífssíður þar sem börn koma við sögu.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- *Skotið á gagnrýninn hátt þá mynd sem fjölmiðlar birta af konum og ræðið um þetta mál í hópum kvenna, karla og unglinga.*

Ítarefni

Wenn Gott und Körper sich begegnen, Feministische Perspektiven zur Leiblichkeit. Elisabeth Moltmann-Wendel. Gütersloh, 1989.

KAFLI 4 KIRKJAN Í ORÐI OG VERKI

Viljaleysi og vanmáttur kirkjunnar til að snúast gegn ofbeldi karla gegn konum og til að styðja konur í baráttu gegn ofbeldinu skýrist af því hvað kirkjurnar eiga sér djúpar rætur í menningarheimi feðraveldisins. Sú menning mótar einnig skipulag þeirra, guðfræði og guðspjónustu. Þess vegna mun starf kirknanna gegn ofbeldi og aukin samstaða með málstað kvenna vekja upp spurningar um guðfræðileg grundvallaratriði. Á okkar dögum eru umræður um allan heim um hvernig skipulag kirkna, biblíusýn þeirra og biblíunotkun, orðanotkun þeirra um Guð og guðspjónustur og boðun þeirra á Kristi geri þær samsekar í að styðja við menningu sem lætur ofbeldi gagnvart konum viðgangast. Á því sem hér fer á eftir verður í stuttu máli fjallað um nokkrar þessara guðfræðilegu spurninga.

1. Einkenni feðraveldis í kirkjunni

Skipulag kirkjunnar er að mestu leyti byggt á stigveldi og feðraveldi. Það kemur í veg fyrir að öll börn Guðs séu jafn mikils metin og elskuð eða litið á þau sem jafngilda þátttakendur í sköpun Guðs og því ríka lífi sem Kristur býður okkur. Feðraveldi er umdeilt orð og flókið kerfi sem viðhaldið er af trúarbrögðum, stjórnmálum, efnahagsmálum og samfélaginu öllu.

Það gerir ráð fyrir drottinvaldi karlmannsins sem stuðlar að yfirráðum karla í öllum lögum samfélagsins og leiðir af sér valdakerfi sem byggist á stigveldi og yfirráðum „útvalinna“ karla. Af þessu leiðir líka að karlmenn, sem ekki eru „útvaldir“, eru lægra settir en þó eru þeir

hærri konum, sem ekki eru útvaldar, og geta undirokað þær. Þetta þýðir líka að útvaldar konur geta undirokað karlmenn sem ekki eru útvaldir en útvaldar konur, ef þær eru til, geta aldrei verið jafnar eða æðri útvöldum körlum.³⁰

Í þessu hugmyndakerfi eiga konur möguleika á að komast til áhrifa og standa þá jafnvel í vegi fyrir málstað kvenna. Karlar og konur verða að skilja þetta kerfi til að fyrirbyggja misskilning sín á milli.

2. Tungumálið um Guð

Tungumálið mótar hugsun og lífsafstöðu hins sameiginlega trúarsamfélags og einstaklinganna innan þess.

Hinn heilagi leyndardómur um Guð, sem byggist á algjöru trausti, rennir stoðum undir allt sem hin trúaða manneskja tekur sér fyrir hendur, allar lífsreglur hennar, val, gildismat og samskipti og leiðir hana skilyrðislaust áfram... Þó að opinberlega sé staðfastlega og réttilega sagt að Guð sé andi og hvorki karlkyns né kvenkyns þá fáum við önnur skilaboð í tungumálinu sem notað er í prédikunum, tilbeiðslu og fræðslukverum.³¹

Sú ímynd Guðs, sem oftast er notuð í kirkjunni, er karlkyns: Faðir, konungur, herra og svo framvegis. Þó að Guð sé ekki karlkyns í bókstaflegri merkingu getur sá vandi skapast við þessa málnotkun að líkingin eignir karlmanninum guðdómleika og geri hann æðri konunni sem hefur ekki guðdómlega eiginleika.

Þess vegna verður að skoða hvert einasta orð sem notað er um Guð til að sjá

hvort það fjallar um Guð en ekki um þau sem tala eða túlka Guð; hvort það lýsir eiginleikum Guðs og hinni guðdómlegu miskunn eða valdi þeirra sem hafa orðið. Þótt erfitt sé þá þarf að reyna að hefja sig yfir kynferði þegar talað er um guðdómlegan leyndardóm Guðs.³²

3. Jesús og val hans á karlkyns lærisveinum

Þetta hafa verið rökin fyrir karlkyns prestum, postullegri vígsluröð og kirkjuleiðtogum. Þetta þarf að endurskoða í ljósi Nýja testamentisins og vitnisburðar frumkirkjunnar. Í Biblíunni er t.d. sagt frá því að konur boða fagnaðar-erindið um upprisu Jesú - og það voru konur sem höfðu hugrekki til að standa við krossinn þar til yfir lauk.

4. Jesús sem fórnarlamb

Þessi ímynd er konum byrði sem verður enn þyngri vegna þess að hefðin upphefur sjálfsfórn, sjálfsafneitun, auðmýkt, þýlyndi og þjáningu. Sumar konur, sem aldar eru upp í kristindómi og búa við ofbeldi, samsama sig með fórnarlambinu Jesú. Í þjáningu sinni finnst þeim þær standa nærri honum og berjast þar af leiðandi ekki gegn þjáningunni. Þegar konur hlýða í blindni fyrir mælum, sem leiða til sjálfsafneitunar, þýlyndis og undirgefni við karla fá ofbeldismenn hvatningu til að halda áfram iðju sinni og þá styrkist það fyrirkomulag sem getur af sér nýja þolendur.³³

Þess vegna getur

... hugsunin um þolandann/fórnarlambið Jesú fest ofbeldi enn frekar í sessi og þolendur festast í hlutverki fórnarlambins.³⁴

Það er mikilvægt að gera skýran mun á því að vera slíkt fórnarlamb og meðvit- aðri viljaákvörðun að fórna sér í þágu annarra, eins og frelsari okkar gerði.

Sú staðreynd að Guð vill gefa hinum krossfesta líf og gerir það mögulegt ætti að gera konum, sem þjást vegna ofbeldis, ljóst að Guð vill líka gefa þeim líf, gott líf. Hinn biblíulegi skilningur á orðinu líf er ekki einungis bundinn við að lifa af heldur að lifa ríku, góðu lífi í samfélagi við aðrar lífverur í frelsi, friði, gleði, kærleika og réttlæti.³⁵

Krossfesting Jesú leggur ekki blessun sín yfir þjáninguna. Hún er vitnisburður um þann hrylling sem ofbeldi gerir annarri manneskju.... Hún er ekki fyrirmynd að því hvernig afbera skuli þjáninguna heldur er hún vitnisburður um þann vilja Guðs að engin manneskja þurfi að þola slíkt ofbeldi aftur. Upprisan, vitundin um að Kristur var nálægur fólki sínu og er hjá okkur, umbreytti þjáningunni og dauðanum en réttlætti hvorugt.³⁶

5. Pistlar ofar guðspjöllunum

Valdir textar eru notaðir til að skilgreina hlutverk kvenna og setja þeim hegðun- arreglur. Hin niðrandi ummæli Páls „konur skulu þegja“ eru þekktari sem viðmiðun fyrir konur en sagan af konunni sem hafði blóðlát og Jesús bauð að tjá sig opinberlega. Þessi texti er miklu frekar notaður en boð Jesú til kvennanna um að segja frá upprisu hans (Jóh. 20:17). Ennfremur hafa textar verið teknir úr samhengi eða notaðir án þess að útskýra fyrir hvern þeir voru upphaflega samdir í því skyni að fella þá að ákveðinni hugmyndafræði eða til að vera trúir bókstaf Ritningarinnar.

6. Fastheldni við bókstaf Biblíunnar

Flestum kristnum mönnum finnst fastheldni við bókstaf Biblíunnar eina leiðin til að vera trúir köllun Guðs.

Af þessum sökum er erfitt að útskýra „ógnartextana“ í Biblíunni, eins og söguna

um Tamar. Sama gildir um karlmiðaðar þýðingar, samsetningar texta, framsetningu feðraveldisins á helgiritasafninu og hefðbundnum textum. Einnig má minna á hvernig feðraveldið hefur í gegnum tíðina haft áhrif á skilning okkar og að guðfræðin hefur horft framhjá áhrifum kvenhaturs.³⁷

Kenningar kirkjunnar verða að skýra hvernig taka skuli á „ósamræmi í guðfræðinni og freðinni guðfræði sem þiðnar ekki“ til að kirkjan geti aðlagast breyttum aðstæðum, viðhorfum, menningu, gildismati og sérstökum þörfum fólks í neyð.

7. Guðfræðilegar hugmyndir sem hafa áhrif á þolendur ofbeldis

Konum og börnum, sem orðið hafa fyrir ofbeldi í kynlífi, finnst erfitt að hugsa um Guð sem eigi allan mátt og visku og sé alls staðar. Þau hafa sektarkennd af því að Guð hefur séð allt. Þau eru reið af því að Guð, sem á allt vald og er alls staðar, kom þeim ekki til bjargar. Þess vegna fordæma þau Guð eða þeim finnst þau svikin. Sumar greinar hefðbundinnar guðfræði ætlast til þess að konur séu aldar upp í þjáningu, fórn og þjónustu. Þetta hefur leitt til þess að þjáningin er túlkuð sem blessun Guðs til trúarlegrar og siðferðilegrar uppbyggingar og friðþægingar vegna synda annarra.

Mistúlkun á því að Guð sendi einkason sinn til að þjást er stundum notuð til að réttlæta óréttláta þjáningu. Slík guðfræði hefur þaggað niður í þolendum ofbeldis og neytt þá til að afbera sársaukann. Það verður að túlka þjáninguna á krossinum þannig að þar sýni Guð kærleika sinn sem sigrar hið illa. Fórnin sem Jesús færir af frjálsum vilja var til að ná eilífri sátt þannig að engin manneskja þyrfti frammar að þjást ranglega. Sú staðreynd að Jesús reis upp sem sigurvegari eftir þolraun sína gæti frelsað konur frá einhliða samsömun við hinn þjáða Krist.

Þær gætu þess í stað samsamað sig með sigurvegaranum Kristi. Það hvetur þær til að komast út úr vítahring ofbeldis, ótta, hugsanamynstri og þeim venjum sem þær hafa lært sem þolendur.

Páll segir að Kristur hafi frelsað okkur til að vera frjáls, ekki til að þjást (Gal. 5:1). Guð birtist okkur í Kristi sem fórnarlamb fyrir hin þjáðu og kúguðu.

Það ætti ekki að líta á krossinn sem kröfu um þjáningu heldur sem fyrirheit um páska, nýtt upphaf lífsins, páska virðingar og krafts, staðfestingu á lífinu og arfleifð samheldni og samfélags.³⁸

Auk þess sem skipulag kirkjunnar og guðfræðilegar kennisetningar hafa átt sinn þátt í því að treysta yfirburði karlkynsins í samfélaginu hafa kirkjurnar oft þagað yfir ofbeldi gegn konum eða farið með það sem einkamál. Kirkjur staðfesta – stundum vitandi vits – yfirburði karlmannsins hvenær sem þær:

- Endurtaka túlkanir og kennisetningar þar sem konum er lýst sem orsök syndarinnar (1. Mós. 2-3) og sem þess vegna eigi að skipa lægri sess en karlmennirnir.
- Aðhyllast form fyrir guðfræðilega hugsun og kirkjuskipan sem byggjast á tignarröðun feðraveldisins og eru karlmiðuð. Þessi form eru skaðleg því að þau koma í veg fyrir að þeir hæfileikar sem Guð hefur gætt konur til samstarfs í verkefnum og þjónustu kirkjunnar nýtist til fulls.
- Gefa konum fyrirmæli um hvernig þær skuli klæða sig og hegða sér og afmarka þannig skilgreind hlutverk þeirra.
- Lítilsvirða þær gjafir sem konurnar, sem mikilvægustu þátttakendur guðsþjónustunnar, færa kirkjunni: Tíma sinn, vinnu og margháttaða þekkingu og verkunnáttu.

- Neita konum um jafnrétti til leiðtoga-
starfa, aðildar að ákvörðunum og
prestsvígslu.

Jesús lét skýrt í ljós samkennd sína með konum frá öllum lögum samfélagsins og sýndi hinum útskúfuðu og afskiptu sérstaka umönnun. Jesús rauf allar hefðir og forskriftir í meðvitaðri staðfestingu sinni á konum. Þessi afstaða Jesú er okkur fordæmi. Hollusta kvenna við Jesú, ekki aðeins í lífi hans og verkum heldur einnig í þjáningu hans og dauða - og handan dauðans í upprisunni - verður að birtast skýrar en oft gerist í kristni-
boðun og fræðslu. Það að Jesús birtist fyrst konum eftir upprisuna sannar að Jesús vildi að konur yrðu þátttakendur í að breiða út fagnaðarerið. Það hvernig Páll postuli lofsyngur þetta og kallar konur „samverkamenn“ á að verða okkur fyrirmynd til að uppörva konur til að taka þátt í hinum ýmsu embættum og störfum innan kirkjunnar.

8. Fyrirmyndir þjónandi leiðtoga

Í kirkjunni eigum við góða leiðtoga sem skilja vald sitt og nota það með góðum árangri. En sumir eru

- ráðríkir og misnota vald sitt,
- vilja bara þjóna öðrum eða
- eru „sýndarþjónar“ sem neita að gera tilkall til valds síns.

Kirkjan verður að reyna að finna þá fyrirmynd að þjónustu sinni sem sagt er frá í Lúkasarguðspjalli 22:25-27 þar sem sá mesti verður þjónn allra. Allt þetta ætti kirkjan að hafa í huga áður en hún liðsinnir þolendum ofbeldis.

Þegar við höfum þannig skoðað áhrif guðfræðilegra kenninga á starf kirkjunnar er mikilvægt að við beinum líka sjónum að því hvernig við höldum guðsþjónustu. Í guðsþjónustunni öðlast kristin trú og kristið líf mál og merkingu. Hér er mikilvægt að skoða þá biblíutexta sem lesnir eru í guðsþjónustunni og það form sem hún fær.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- *Bendið á hvernig Jesús hvatti konur til að tala og vitna opinberlega og hóf sig þannig yfir viðteknar venjur og mörk.*
- *Ræðið um hvernig konur studdu hann á margvíslegan hátt: Þær veittu honum fjárhagsaðstoð, húsaskjól, stóðu með honum í þjáningunni, sýndu honum tryggð og hollustu.*
- *Sýnið með guðfræðilegum rökum að Jesús var ekki bara fórnarlamb heldur líka sá sem reis upp sem sigurvegari og sigraði ofbeldið.*
- *Fellið umræðu um ofbeldi inn í skírnar-, barna- og fermingarfræðsluna til að hjálpa konum og körlum að fást við raunverulegar aðstæður.*
- *Varpið ljósi á lofsyrði Páls um konur sem samverkafólk og Galatabréfið 3:28 sem leggur áherslu á að allar manneskjur séu jafnar og við séum öll eitt í Kristi.*
- *Endurreisið ímynd Guðs og gefið henni nýtt nafn. Í stað ímyndar feðraveldisins um Guð sem föður og dómara skuluð þið nota aðrar ímyndir, hið milda og máttuga foreldri, hinn réttláta og miskunnsama dómara, karllegar og kvenlegar ímyndir í Ritningunni, úr ólíkum menningarheimum og eigin reynslu, t.d. ímyndir um Guð sem móður: 4. Mós. 11:12-13,*

5. Mós. 32:18, Sálm. 131:2, Jes. 42:14, 46:3-4, 49:15, 66:9. Sem ljósmóður: Sálm. 22:9-10. Sem elskhuga, vin, konu sem býr til mat: Matt. 13:33, Lúk. 13:20-21. Sem birnu sem ver húna sína: Hós. 13:8. Sem hænu sem skýlir mannkyninu

undir hlýjum vængjum: Matt. 23:37, Lúk. 13:34, Rut. 2:12, Sálm. 17:8-9, 36:8, 57:1, 61:5, 91:4.

- Nýtið ykkur möguleikana á að nota ókynbundið orð um Guð. Lesið dæmi um konur og karla í prestsþjónustu:

Ítarefni

„When the Truth Is Untrue: Sexual Abuse as Context for Communicating God.“ Helene Horsfjord. LWF Women magazine No. 54 „Resist and Reduce Violence against Women.“ Geneva: LWF Publications, 2001.

9. Ritningarlestrar

Í ritningarlesturum kirkjunnar er lögð áhersla á texta Biblíunnar þar sem konur eru ekki leiðtogar, en það hefur jafnan verið gert lítið úr leiðtogahlutverki kvenna í biblíusögunum. Þetta getur óbeinlínis aukið jaðarstöðu kvenna, stöðu sem þegar er hefð fyrir í biblíutextum.

Ef kirkjan ætlar að fá skýrari framtíðarsýn þurfum við allar sögurnar, jafnt þær sársaukafullu og erfiðu sem hinar fallegu og hvetjandi. Það er ekki fyrr en við heyrum allar sögurnar að kirkjan getur farið að líta á sig sem eina heild.³⁹

Þetta myndi hjálpa konum, körlum, unglingum og börnum að lifa og játa trú sína mitt í flóknum heimi samtímans.

Þau túlkunarsjónarmið, sem ráða hvaða ritningarlestrar eru valdir, verða að athuga rækilega biblíutexta sem fjalla um konur, skoða hvaða textar eru með og hverjum er sleppt, hvenær á kirkjuárinu þeir eru lesnir og hvaða samhengi textarnir þeir mynda.⁴⁰

Þegar vísað er til kvenna í Biblíunni er annaðhvort sagt að þær hafi valdið mannkyni tímum vandræðum, t.d. Eva og

samverska konan eða að þær séu jákvæðar fyrirmyndir, eins og María móðir Jesú.

Þó að sumar þessara sagna séu margræðar getur kirkjan ekki án þeirra verið. Þá hefðum við ekki allar þær sögur sem eru nauðsynlegar í lífi okkar, hvort sem við litum á okkur sem einstaklinga eða kirkjusamfélag. Án þeirra fáum við, konur og karlar, þá mynd að konur hafi alltaf staðið þegjandi úti á kantinum í sögum af samskiptum Guðs og manna. Hægt er að halda í þetta gamla mynstur óbreytt í nútíð og framtíð eða umbylta því gjörsamlega.⁴¹

10. Guðsþjónusta

Um allan heim og einnig á Íslandi vinna konur – og einnig nokkrir karlar – að því að endurnýja form og mál guðsþjónustunnar, þannig að hún geti stuðlað að jafnrétti fremur en að styrkja hefðbundið feðraveldi og tignarröðun. Víðtækari lífsreynsla – til dæmis reynsla af ofbeldi og baráttu gegn ofbeldi – verður líka að eiga hlutdeild í guðsþjónustunni.

Í guðsþjónustunni þarf að gera ráð fyrir því að fólk geti miðlað lífsreynslu sinni en það telst oft ómerkileg tilfinningasemi. Konur sem „tilfinninga“ verur hafa ekki svigrúm til að tjá sína ríku og margvíslegu reynslu í venjulegum trúarathöfnum. Framlag þeirra nýtur sín bara í þröngum hópum. Ef þessari ríku uppsprettu væri sinnt mundi hún sannarlega auðga upplifun allra í helgiathöfnum.

Konur hafa fyrr og síðar fundið styrk í

frelsi og jafnrétti fagnaðarerindisins sem er felld inn í guðsþjónustufornið og í voninni um sigur lífsins yfir dauðanum sem fagnaðarerindið boðar. Um leið vita konur að helgisiðir kirkjunnar hafa yfirleitt gefið fleiri fyrirheit en þeir hafa staðið við. Þó að fólk samþykki einingu og jafnræði alls kristins fólks í skírnarsáttmálanum hafa helgisiðir kirkjunnar oftast takmarkað náðargáfu forystunnar við karlmenn.⁴²

Ein leið til að vekja athygli á framlagi kvenna væri að minna á helgiathöfn kvenlærisveinsins, sem smurði Jesú sem Messías með dýrindis smyrslum, í hvert sinn sem kirkjan minnst píslargöngu Jesú á föstunni og í dymbilvikunni.

(Matt. 26:6-13, Mark. 14:3-9). En það þarf að gæta þess að rugla konu þessari ekki saman við bersyndugu konuna (Lúk. 7:36-50), Maríu, systur Mörtu, (Lúk. 10: 38-42) eða Maríu Magdalenu.

Þegar karlkyns lærisveinar mótmæla þessu lofar Jesús verksað konunnar og heitir því að þessa verði getið til minningar um hana hvar sem fagnaðarerindið verði boðað. Hins vegar hafði nafn konunnar strax gleymst þegar guðspjöllin voru skrifuð. Það er mikilvægt að taka eftir því að samhengi og innihald sögunnar tengist algjörlega helgisiðum - hún framkvæmir helgisið sem menn þekkja og er þrunginn merkingu, smurningu til

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- *Vekið athygli á fyrri sköpunarsögunni (1. Mós. 1:27-28), sem er ekki einungis til marks um að kynin séu sköpuð jöfn heldur líka um sameiginlegan rétt þeirra og sameiginlega ábyrgð gagnvart sköpuninni. Hún er ólík síðari sköpunarsögunni þar sem litið er á konuna sem meðhjálpar karlmannsins (oftast álitin lægra sett og orsök syndar og þjáningar).*
- *Segið frá konum sem eru góðar fyrirmyndir leiðtoga, eins og Miriam, Deborah, Ester og Abigail til að varpa ljósi á hve þörfin fyrir kvenleiðtoga er brýn.*
- *Endurmetið ímynd Maríu, móður Jesú, sem var ekki aðeins guðrækin, hlýðin og undirgefin ung kona heldur líka kona sem hlýddi köllun Guðs og lék lykilhlutverk í frelsunarverki Guðs án þess að spyrja heitmann sinn eða fjölskyldu um leyfi. Hún var kona sem skildi og áttaði sig á hinu félagslega og pólitíska samhengi. Hún söng róttækan byltingarsöng og var reiðubúin til að taka þátt í hjálpræðisáætlun Guðs.*
- *Notið Efesusbréfið 5:28 til að leggja áherslu á virðingu og ást í sambandi hjóna sem byggist á Kristsfræðum.*
- *Við skulum einnig minnst á áþreifanlegan hátt þess atburðar að kvenlærisveinninn smurði Jesú sem Messías með dýrindis smyrslum í hvert sinn þegar píslarsögu Jesú er minnst samkvæmt helgisiðum kirkjunnar á föstunni og í dymbilvikunni.*
- *Notið einnig kvenlegar ímyndir Guðs í helgisiðum, sálum og öðru því sem kirkjan gefur út.*
- *Notið ókynbundið tungumál og gerið helgisiðum, sem tengjast konum og börnum, jafnhátt undir höfði og öðrum helgisiðum.*
- *Þróið sveigjanlegt form að kristinni trúarathöfn sem leyfir sameiginlegri reynslu hins lifandi anda í líkama, huga og sál að njóta sín.*

Messíasar. Og það sem Jesús heitir henni er helgisiður sem felur í sér yfirlýsingu og minningu.⁴³

11. Endurvakning trúarlegrar öfgastefnu

Uppgangur öfgafullra bókstafstrúarmanna sýnir vel ofbeldið sem konur þurfa að þola. Þeim finnst erfitt að viðurkenna að þær búi við heimilisofbeldi því að samkvæmt uppeldi þeirra væru þær þá að neita nærveru Guðs í lífi sínu. Margar konur í sértrúarsöfnuðum láta ofbeldi í fjölskyldunni m.a.s. viðgangast og segja: „Djöfullinn er að freista mannsins míns.“ Lögð er áhersla á að fyrirgefa eiginmanninum af því að ofbeldið sé vegna áhrifa illra anda. Þær reyna að fela vandamálið af því að það er slæmur vitnisburður og hræðast prestinn eða gagnrýni annarra.

Guðfræði þeirra fyllir þær skömm og þær bæla þjáningu sína. Þetta er andleg þjáning byggð á guðfræði uppgjafar; hugmyndin er sú að líf kvenna sé friðþæging synda þeirra. Bæði vegna sektarkenndar, freistingar illra anda og fórn-

ar finnst konum þær vera samsekar í heimilisofbeldinu og óttast refsingu samfélagsins og safnaðarins.

Ítarefni

Women's Prayer Services. Edited by Iben Gjerding and Katherine Kinnamon. Mystic, Connecticut, USA: Twenty-Third Publications, 1987.

Did I Betray the Gospel? The Letters of Paul and the Place of Women. S. Wesley Ariarajah. Geneva: WCC Publications, 1996.

Feminist Interpretation. The Bible in Women's Perspective. Luise Schottroff, Silvia Schroer and Mari-Theres Wacker. Minneapolis: Augsburg Fortress, 1998.

She Who Is. The Mystery of God in Feminist Theological Discourse. Elizabeth A. Johnson. New York: The Crossroad Publishing Company, 1998.

Women and Jesus in Mark. A Japanese Feminist Perspective. Hisako Kinukawa. Maryknoll, New York: Orbis Books, 1994.

„Bæn fyrir þeim sem þjást vegna nauðgunar og líkamsárásar.“ Viðauki IV B.

„Lækna sár okkar, Jesús.“ Viðauki IV C.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

- Kirkjan gæti haft frumkvæði að umræðum milli trúarhópa um
 - samband ofbeldis og trúar,
 - hvað hin opinbera kirkja getur gert til að draga úr ofbeldi,
 - hugmyndir okkar á ofbeldisleysi í ofbeldisfullum raunveruleika,
 - mannréttindi og trúfrelsi,
 - vernd trúarinnar gegn öfgastefnum,
 - að drepa í nafni trúarinnar,
 - að trúarlegir öfgamenn séu eldheitir trúmenn og hugsuðir frekar en „djöfullegir“ og óskiljanlegir.
- Notið heimildir úr fræðigreinum eins og sálfræði til að skilja ofstæki, birtingarmyndir þess og leiðir til að halda því í skefjum.
- Leiðið umræður um hver hefur rétt til þess að túlka trúarbrögð og tala fyrir hönd þeirra; hver getur t.d. komið fram í nafni íslensku kirkjunnar?

Post. 18:1-28, 1. Kor. 16:19, Rómv. 16:3-5.

Þetta rit er tilboð til kirknanna um að stíga ákveðið fram á jákvæðan hátt til að færa konum fyllra líf og hjálpa þeim að nýta þá fjölbreyttu hæfileika sem Guð hefur gefið þeim til að auðga lífið og styrkja vitnisburð kirkjunnar. Konur hafa sýnt trúmennsku sína gagnvart kirkjunni. En hefur kirkjan sem stofnun staðið með konum eins og Jesús stóð með þeim í lífi sínu og starfi? Kirkjan hefur rutt marga frelsisbrautina. Nú er komið að því að hún útrými ofbeldi gegn konum.

I. AÐSTOÐ VIÐ ÞOLENDUR

A. Það sem þú getur gert til að verja þig.⁴⁴

1. Talaðu við vin þinn, vinkonu eða skyldmenni sem þú treystir fyrir því sem er að gerast. Þau gætu veitt þér góðan stuðning.
2. Hafðu samband við fólk sem vinnur gegn heimilisofbeldi í heimabyggð þinni, áður en þú þarft á því að halda, til að kynna þér lögin og úrræði samfélagsins, þ.e. neyðaratkvörf, ráðgjöf, lögfræðiaðstoð. Þau geta hjálpað þér að finna leiðir til að tryggja öryggi þitt.
3. Fáðu starfsfólk heilsugæslunnar eða vinafólk þitt til að taka myndir af áverkum þínum, þ.e. marblettum, rispum, glóðaraugum o.s.frv. og sjáðu til þess að myndirnar séu settar í sjúkraskýrslu þína eða á öruggan stað ásamt skriflegri lýsingu á mála-vöxtum. Það er gott að hafa þessar upplýsingar tiltækar ef þú ákveður að grípa til lagaáðgerða síðar, eins og að setja nálgunarband, kæra verknadinn eða fá forræði yfir börnunum.
4. Semdu við nágranna þinn um merkjasendingar þegar þú þarft á hjálp að halda, t.d. að kveikja útiljós-ið um miðjan dag eða draga tjöld fyrir ákveðinn glugga.
5. Hafðu leynistað fyrir peninga sem þú getur gengið að í neyð eða ef þú ákveður að fara að heiman. Settu smápeninga með til að nota í almenn-ingssíma ef þörf krefur. Þú getur líka pakkað niður fötum til skiptanna og persónulegum hlutum, eins og aukagleraugum, mikilvægum skjölum o.fl. fyrir þig og börnin þín. Geymdu

þessa hluti hjá nágranna þínum eða vinafólki ásamt aukalyklum ef þú þarft að fara í flýti.

6. Ef þú ákveður að fara að heiman skaltu taka mikilvæg skjöl með þér, t.d. fæðingarvottorð, vegabréf, tryggingaplögg, ökuskírteini, bólusetning-arvottorð, ávísanahefti, og önnur skilríki fyrir þig og börnin þín. Einnig þarf að muna eftir lyfjum ef einhver eru.

B. Bibliutextar til hughreystingar

Sálm. 7:1-4, 6, 8-11, 10, 12, 13, 16:7-9, 11, 17, 20, 23, 25:1-5, 27:1-3, 7-9, 30:1-5, 31:14-16, 35:22-28, 38:6-10, 43, 46:1-7a, 55:1-8, 62:2-7, 70, 77:1-4, 6-9, 11-14, 103:6-8, 11, 12, 116:3, 4, 8-11, 15, 16, 121, 139:1-24, 143:4-8, 145:13-21

Jes. 40, 41:10-13, 43:1-3a, 49:15

Job 21:7, 9, 14-16

Matt. 11:28-30

Lúk. 11:5-13

Rómv. 8:18-25, 29a

Jóh. 14:27, 16:21-24

II. AÐSTOÐ VIÐ FÓLK SEM LIÐ-SINNIR ÞOLENDUM OFBELDIS

A. Að bera kennsl á konur sem sæta líkamlegu ofbeldi

Þótt vitað sé að kona í hvaða stöðu sem er geti sætt líkamlegu ofbeldi eiga þolendur ofbeldis oft mjög erfitt með að segja frá því vegna þess að það tengist ennþá mikilli skömm og smán. Allar líkur eru á því að konur reyni að leyna ofbeldinu til að lenda ekki í frekari hremmingum. En glögg auga kannast við eftirfarandi einkenni: Léleg sjálfsmynd, óákveðni, ákóf löngun til að þóknast öðrum, erfiðleikar við að skipu-

leggja framtíðina, þunglyndi, sjálfs-
vígstílaunir, geðsveiflur, taugaveiklun,
önglyndi og einbeitingarörðugleikar.

Kona sem sætir ofbeldi er líka oft
haldin sjálfseyðingarhvöt, eins og
átröskun. Hún gæti misnotað lyf eða
áfengi, ekið glannalega eða valdið sjálfri
sér líkamlegum áverkum. Í henni gæti
verið mikil togstreita og hún sveiflast
milli þess að vera háð öðrum eða sjálf-
stæð, ásaka aðra eða sjálfa sig. Stundum
vill hún hefna sín og stundum leitar hún
ásakana fyrir ofbeldismanninn. Hún
gæti líka spurt spurninga eins og: „Til
hvers er þetta allt saman“ eða eru þetta
örlög mín?“ eða „Hverjum er ekki
sama?“ og svo framvegis.

B. Að bera kennsl á menn sem berja

Þeir skiptast almennt í tvo flokka:

- Hinir andfélagslegu sem hafa litla
sjálfstjórn, eru uppstökkir og ofbeld-
ishneigðir við flestar aðstæður.
- Hinir dæmigerðu sem beita einungis
maka sinn og börn ofbeldi.

Karlmenn í seinni flokknum missa ein-
ungis stjórn á sér þegar þeir eru einir með
sínun nánustu. Á almannaferi virðast
þeir elskulegir og kurteisir. En þeir þjást
vegna lélegrar sjálfsmyndar og þörf fyrir
að stjórna öðrum. Þeir eru hræddir um
að verða „undir“ og eru því mjög drottn-
unargjarnir. Þeir ímynda sér oft að eigin-
konur þeirra séu þeim ótrúar og ásaka
þær og berja fyrir það eitt að tala við aðra
karlmenn. Þeir eru oft mjög tortryggir
og stöðugt að hnýsast í persónulegar eig-
ur eiginkvenna sinna til að leita að sönn-
un fyrir „slæmri hegðun“, spyrja nær-
göngulla spurninga eða hringja í þær oft
á dag til að fylgjast með þeim.

Karlmenn sem berja konur sínar hafa
oft mjög stífar og gamaldags hugmynd-
ir um konur og hlutverk þeirra. Þeir

þurfa mjög að sanna yfirburði sína jafn-
vel með því að berja eiginkonu sína. Þeir
eru venjulega mjög háðir mökum sínum
og vita oft ekki hvernig þeir eiga að
sinna eigin þörfum. Þeir eiga erfitt með
að eignast vini, tjá tilfinningar sínar og
tengjast öðrum. Oft hafa þeir séð föður
sinn berja móðurina eða sjálfir verið
barðir í æsku. Þeir taka ekki ábyrgð á illri
hegðun sinni og gera lítið úr eða afneita
ofbeldinu.

Til að ná heilum sáttum þarf að hjálpa
þólandanum að byggja sig upp og of-
beldismanninum að sjá að sér og taka
stakkaskiptum. En það er nauðsynlegt
að gæta að því að þólandinn og ofbeld-
ismaðurinn hafa ekki endilega sömu sýn
á hvað teljast fullnægjandi sættir.

C. Hvað þurfa þólandur nauðgun- ar að ganga í gegnum?

Þólandi nauðgunar gengur í gegnum
nokkur stig á leið sinni til uppbyggingar
og er oft þörf á margra ára stuðningi.

Fyrsta stigið kallast „áfall nauðgunar“ en
þar upplifir þólandinn ringulreið og get-
ur ekki notað venjulega varnarhætti.
Helstu einkenni eru lost, ótti (þar á meðal
ótti við hefndaraðgerðir), kvíði, einangr-
un, grátur, óvæntar skapsveiflur, sjálfs-
ásökun, óþægileg endurupplifun atburða
og önnur dæmigerð einkenni áfalla eins
og martraðir, svefntruflanir, ofurvið-
kvæmni og líkamleg einkenni eins og
ógleði og höfuðverkur.⁴⁵

Annað stigið einkennist af „bakslagi eða
hálfadlögum“.⁴⁶ Þetta stig getur varað í
marga mánuði eða árum saman. Konan
virðist spjara sig og sinnir daglegum
störfum. Á þessu stigi er mikilvægt að
ráðgjafinn fullvissi hana um að hann sé
ekki orðinn leiður á því hve upptekin
hún er af glæpnum.

Á þriðja stiginu nær konan áttum á
ný. En allt sem minnir hana á verknað-

inn endurvekur hryllinginn sem hún upplifði.

D. Hvað er til ráða ef kona segir þér frá því að hún hafi verið beitt ofbeldi?⁴⁷

1. Skapaðu öruggt og hlýlegt andrúmsloft til að auðvelda konu, sem er að ná sér eftir ofbeldi, að tjá reynslu sína. Þolendur ofbeldis finna strax ef þeir eru ekki velkomnir. Ef þú setur upp veggspjöld, hengir upp tilkynningar og talar um ofbeldi gegn konum munu þær leita til þín.
2. Leggðu trúnað á sögu konunnar. Margar konur eru hræddar við enn meira ofbeldi ef þær segja frá. Stundum er brotamaðurinn einhver sem þú þekkir og treystir og þær hafa áhyggjur af því að þú trúir þeim ekki. Hrósaðu þeim fyrir að segja þér frá og hvettu þær til þess. Það þarf mikið hugrekki og styrk til að segja frá og oft er gott að láta þolandann vita það.
3. Taktu mark á tilfinningum þeirra. Konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi eru óttaslegnar, skammast sín og eru stundum hræddar um að þær séu að ganga af göflunum ef þær fá slæmar martraðir eða endurlifa atburðinn aftur og aftur. Þetta eru eðlilegar tilfinningar eftir slíkt áfall.
4. Leggðu áherslu á öryggi. Þolendur ofbeldis gera oft lítið úr sársaukanum og afneita honum og ógninni sem þær hafa orðið fyrir. Ef þú nefnir orðið „öryggi“ þegar þú talar við þær hjálparðu þeim að setja eigið öryggi ofar öllu.
5. Taktu skýrt fram að ofbeldið sé EKKI konunni að kenna. Víða um heim er konum, sem verða fyrir ofbeldi, sagt að það sé þeim að kenna. Ofbeldis-

mennirnir segja þetta líka oft við þolandann. Þú þarft kannski að segja hátt og skýrt: „Þú átt ekki skilið að hann berji þig“ eða „Þetta er ekki þér að kenna.“

6. Sýndu virðingu, stuðning og hvatningu. Það getur verið að þú hafir ákveðnar skoðanir á hvað sé konunni fyrir bestu. Það getur t.d. verið að þér finnist að kona, sem hefur verið barin, eigi að fara frá manningum sínum. En ef þú skipar henni fyrir eða segir henni fyrir verkum þá ertu eiginlega að gera það sama og sá sem beitti hana ofbeldinu. Segðu henni heldur frá þeim upplýsingum og möguleikum sem henni standa til boða í samfélaginu ykkar. Það er ekki víst að hún viti um þá staði sem veita upplýsingar og hjálp. Stattu með henni þegar hún ákveður hvað hún ætlar að gera þó að þú sért ekki alltaf sammála henni. Stuðningur þinn nú getur auðveldað henni að taka aðrar ákvarðanir síðar. Hjálpaðu henni að víkka út möguleika sína þó að hvert skref sé lítið. Í sameiningu gætuð þið fundið snjallar leiðir sem hún sér kannski ekki ein. Ef kona, sem sætir ofbeldi, ákveður að vera um kyrrt þótt fullvíst sé að henni verði misþyrmt aftur er hætt við að hún hafi áhyggjur af því að þú gefir hana upp á bátinn. Þá gæti verið gott að segja: „Ef þú heldur áfram að búa með honum mun ég hafa áhyggjur af öryggi þínu. En ég skal vera til taks ef þú þarft á mér að halda.“ Þú gætir hjálpað henni að finna nýjar aðferðir til að treysta öryggi sitt meðan hún býr heima og leitar annarra ráða svo að hún geti farið að heiman þegar hún er tilbúnari til þess.
7. Mundu eftir öðrum í fjölskyldunni og vinahópnum. Þegar einhver verð-

ur fyrir ofbeldi eru fleiri þolendur en manneskjan sem verður beinlínis fyrir áverkunum. Börn sem verða til dæmis vitni að heimilisofbeldi verða líka fyrir skaða. Ástvinir þolenda nauðgunar þjást líka með þeim. Í fjölskyldum þar sem sífjaspell á sér stað skaðast öll fjölskyldan vegna þess trúnaðarbrests sem orðið hefur. Stundum er auðveldara fyrir konuna að breyta lífi sínu ef hún áttar sig á því að ofbeldið, sem hún verður beinlínis fyrir, skaðar börnin hennar líka.

8. Konur sem sæta ofbeldi lenda oft í trúarlegri kreppu. Það er jafnmikilvægt að byggja konurnar upp guðfræðilega eins og félagslega og efnahagslega. Það gæti verið mjög lærdómsríkt að hlusta á hvernig konan tengir þetta trúnni. Veittu góðar upplýsingar um allar sterku fyrirmyndirnar í Biblíunni og einnig um það hvernig mismunun kynjanna hefur haft áhrif á hefðina. Sýndu henni nýjar myndir af Guði, sem sýnir kærleika en ekki dómhörku. Við gætum þurft að búa okkur undir að svara spurningum eins og: „Hvers vegna lét Guð þetta gerast?“ eða „Hvar var Guð þegar ég þjáðist?“ Verið vakandi fyrir nærveru náðar í uppbyggingunni og í stuðningi samfélagsins við þau sem sködduð eru. Guð kallar okkur „... til að boða herteknum frelsi og fjötruðum lausn.“ (Jes. 61:1)

Umfram allt verður konan að geta treyst því að allt sem hún segir hlustanda sínum sé í fyllsta trúnaði. Ef nauðsyn krefur er hægt að komast fyrirfram að ákveðnu samkomulagi um hvað af því sem sagt er má segja öðrum og þá hverjum.

III. SAMTÖK KARLA

A. Leið karla til binda enda á ofbeldi gegn konum.

1. Lesið um, skilgreinið og skiljið
 - hvernig félagsmótun hefur áhrif á fjölskylduna, samfélagið og kirkjuna,
 - kvenleika og karlmennsku,
 - ójafnrétti kynjanna og stöðluð hlutverk,
 - hugtakið vald og valdasamspil,
 - meginorsakir ofbeldis,
 - samband félagslegra kerfa og félagslegra afla sem valda árekstrum í samskiptum kynjanna.
2. Skilgreinið ykkar eigin viðhorf og gerðir sem stuðla hugsanlega að mismunun kynjanna og ofbeldi og leitist við að breyta þeim.
3. Mótmælið niðurlægjandi, háðslegum athugasemdum og bröndurum um konur.
4. Kaupið ekki tímarit, bækur, myndbandsspólur, veggspjöld, tónlist eða nokkur önnur listaverk sem sýna konur sem kyntákn eða þolendur ofbeldis. Fylgist með internetinu og látið vita af öllum klámsíðum sem þið finnið.
5. Styðjið frambjóðendur í leiðtogastöður sem styðja fullt félagslegt, fjárhagslegt og stjórnómáleggt jafnrétti kvenna. Vinnið gegn frambjóðendum sem vitað er að beita konur ofbeldi.
6. Berjist fyrir auknum fjárveitingum fyrir kvennaathvörf og fyrir neyðar-

móttöku vegna nauðgunar. Þjóðið ykkur fram til starfa þar sem þörf er fyrir karlmenn til að reka áróður, í menntastofnunum, æskulýðsmiðstöðvum og á fundum hjá stjórn-málaflokkunum.

7. Skipuleggið hópstarf karla eða takið þátt í karlahópum í kirkjunni eða samfélaginu til að vinna gegn mis-munun kynjanna og ofbeldi. Styðjið hreyfingar kvenna sem vinna að því að binda enda á ofbeldi gegn konum. Hrósið karlmönnum sem sýna nýtt fordæmi og standa staðfastlega með konum.

B. „Hvítir borðar“⁴⁸

Annað dæmi er „Hvítu borðarnir“ áletraðir með tíu setningum sem segja hvað allir karlmenn geta gert til að binda enda á ofbeldi gegn konum.

1. Hlusið á konur ... lærið af konum.
2. Kynnið ykkur vandamálið.
3. Kynnið ykkur hvers vegna sumir karlmenn beita ofbeldi.
4. Berið hvítan borða.
5. Vinnið gegn málnotkun sem mis-munar kynjunum og bröndurum sem gera lítið úr konum.
6. Hafið augun opin fyrir kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað ykkar, í skólanum og fjölskyldunni og berjist gegn því.
7. Styðjið starf kvenna í heimabyggð.
8. Skoðið hvernig ykkar eigin hegðun gæti hugsanlega átt þátt í vandanum.
9. Vinnið að framtíðarlausnum.

10. Takið þátt í fræðslustarfi „Hvítu borðanna“.

IV. UNDIRLEIKUR TRÚARLÍFSINS

A. Ritningin er góður leiðarvísir í áfallahjálp

Það hefur góð áhrif að fara með texta sem segja frá nærveru Guðs í raunum okkar, ótta, efa og hræðilegum aðstæðum.

Lestur: Sálm. 22:1-2, 14-15, 23, 27, 55:1-8, Jes. 52:2, 7-10, Rómv. 8:31-39.

B. Bæn fyrir þeim sem þjást vegna nauðgunar og líkamsárásar⁴⁹

Þú Guð sem elskar mig, heyr mína bæn. Ég kem til þín lemstruð og þreytt, reið og leið. Vef mig örmum og þerraðu tár mín. Hjálpaðu mér að skilja að þetta æðiskast var ekki mér að kenna. Gakktu með mér gegnum þennan langa, dimma dal. Vertu nærri þegar ég er einmana. Vertu hjá hjarta mínu af því að á þessu augna-bliki er lífið, gjöf þín, ofar tilfinningum mínum - jafnvel ofar vitund minni.

Kenn mér að meðtaka umhyggju ást-vina minna og þeirra sem biðja fyrir mér, sérstaklega þegar ég finn ekki réttu bæn-arorðin sjálf. Úthell þínum læknanði anda yfir mig, ljúfi Guð, svo að ég geti andað á ný og endurlífgað vonina og kærleikann. Alls þessa bið ég þig og einnig þess sem þú veist að ég þarfnast. Amen. *Ónafngreindur höfundur*

C. Lækna sár okkar, Jesús⁵⁰

Lesari: Jesús, kærleiksríki vinur, þú læknaðir dóttur kanversku konunnar, útlendings sem leitaði til þín, kennara af gyðingaættum. Með lífgjöf þinni sýndir þú okkur að við erum ein þjóð, sem eigum öll skilið að vera elskuð. Nú komum við til þín, mæður í anda, biðjum þig að lækna heiminn og segjum:

Allir: Jesús lækna okkur.

Við biðjum fyrir landi okkar sem þjáist vegna þess að við sitjum í sjálfskaparviti kynþáttamismununar (rasisma) og græðgi. Við höfum kúgað frumbyggja landsins og kúgað fátæka; kenn okkur að við verðum aðeins mikil í réttlæti, gjafmildi og samhygd. Við biðjum:

Jesús lækna okkur.

Við biðjum fyrir friði meðal þjóða, að bein sem finnast á vígvöllum og í fjölda-gröfum harðstjóra rísi upp sem endur-reist mannkyn helgað friði og farsæld um heim allan. Við biðjum:

Jesús lækna okkur.

Við biðjum fyrir klofinni kirkju sem gerir glappaskot og skortir oft umburðarlyndi. Við sviptum hulu af augum okkar í þeirri von að sjá betur og horfa ætíð til kirkjunnar. En þoka blekkingar, ótta og efasemda villir okkur oft sýn. Sendu okkur leiðarljós þíns vísa anda, lækningu kærleika þíns. Við biðjum:

Jesús lækna okkur.

Við biðjum fyrir öllum sem við nú nefnum á nafn í þessum hópi sem þarfnast lækningar og bæna okkar: (viðstaddir nefna nöfn ...)

Í dag fögnum við hátíð endurlausnar og biðjum miskunnar þinnar öllum þeim sem lifa og þökkum þér fyrir líf allra ástvina okkar sem njóta nú dýrðar þinnar á himnum.

(Irene St. Onge, San Francisco, California, USA)

D. Bænasöngur vegna þolenda kynferðislegs ofbeldis.⁵¹

Lesari: Í nafni Guðs sem skapaði karla og konur í sinni mynd.

Allir: Amen.

Við játum að í hugsunum, orðum og gerðum höfum við ekki heiðrað ímynd þína hvert í öðru; við höfum veitt þér takmarkað rými um leið og við höfum lítillækkað hvert annað; við höfum snúið okkur frá vísdomsbrunninum og reitt okkur á eigin heimsku.

Frelsa okkur í dag.

Frá því að þurfa að leyna sannleikanum, sama hvað það kostar, frá því að þurfa að fela okkur bak við öryggi kirkjunnar.

Frelsa okkur.

Frá því að freistast til að slá af sannfæringu okkar til að halda friðinn og frá því að segja ósatt í eiginhagsmunaskyni.

Frelsa okkur.

Við treystum því að handan við sársauka okkar

sé til lækning.

Handan við niðurbrotið

sé uppbygging.

Handan við skaðann

sé fyrirgefning.

Að handan við þögnina sé skilningur. Og af skilningnum spretti kærleikur.

(Ecumenical Center Chapel service, 3 November 1994, Geneva, Switzerland)

V. ATHUGASEMDIR FRÁ STJÓRNARFUNDUM LH UM MÁLAFLOKKINN OFBELDI GEGN KONUM.

Stjórnarfundur LH haldinn í [Madras] Chennai á Indlandi árið 1992

Eftir að ákveðið var að brot karla (og kvenna) á réttindum kvenna skyldi vera forgangsverkefni hjá verkefninu „Konur í kirkju og samfélagi“ í deild boðunar og þróunarstarfs hjá LH var mælt með eftirfarandi áætlun eins og hún er sett fram í riti verkefnisins, *Skýr framkvæmdaáætlun* (1992), bls. 19-22:

„Það þarf að varpa ljósi á hvernig réttindi kvenna eru brotin af karlmönnum, af hinu félagslega, pólitíska og efnahagslega kerfi og af konum sjálfum:

Kirkjan getur gegnt lykilhlutverki í að endurreisa særðar konur og samfélagið allt með því að

- vinna bug á þögninni sem ríkir um ofbeldi og kynferði,
- hafa forgöngu um ítarlegar rannsóknir á öllum tegundum ofbeldis til að skilja betur hvernig það er skipulagt og framið og hvaða þættir viðhalda því,
- viðurkenna að ofbeldi gegn konum sé raunveruleiki en ekki godsögn og að oft sé konum ekki trúað þegar þær segja frá biturri reynslu sinni,
- flytja fyrirlestra og halda námskeið þar sem ofbeldi er tekið til umfjöllunar (í sunnudagaskólum, skírnar- og fermingarfræðslu og í allri kristilegri fræðslu kirkjunnar),
- skipuleggja málstofur fyrir karla og

konur til að skilgreina allar tegundir ofbeldis í því augnamiði að kanna rót vandans og finna leiðir til að útrýma honum,

- búa konum öruggan stað þar sem þær geta rætt um reynslu sína,
- gera þolendum ofbeldis kleift að finna hæli og varanlegar lausnir,
- skipa nefndir til að fylgjast með ofbeldi í fjölmiðlum og finna leiðir til að mótmæla,
- krefjast breytinga á lögum, hefðum og aðgerðum sem mismuna konum.“

Stjórnarfundur LH haldinn í Kristiansand í Noregi árið 1993

Á grundvelli atriða sem fram komu í skýrslu deildarstjóra boðunar og þróunarstarfs um þann alheimsvanda sem ofbeldi gegn konum er og

„þar sem ofbeldi gegnsýrir allt þjóðfélagið að kirkjunni meðtalinni hefur stjórnin **SAMPYKKT** að hvetja kirkjurnar til að

- taka þátt í rannsóknum og veita fræðslu um ofbeldi gegn konum eins og hvatt var til á sjöunda þingi LH og leggja sérstaka áherslu á þátttöku presta og leikmanna í fræðslunni sem beini sjónum að öllum tegundum ofbeldis gegn konum (ofbeldi sem tengist kynferði, heimili, kynþáttum, æxlun, sálrænu ofbeldi og ofbeldi sem er bundið stofnunum samfélagsins),
- endurmeta og endurskoða hugmyndir þeirra um fræðslu, sérstaklega kristilega fræðslu, bæði barna og fullorðinna,

- veita konum sem sætt hafa ofbeldi og stuðningsaðilum þeirra svo og brotamönnunum félagslegan stuðning og hagnýta aðstoð,
- þrýsta á aðgerðir til að móta nýja félagslega stefnu og löggjöf sem verndar konur,
- móta stefnu og starfshætti sem hægt verði að grípa til þegar kynferðislegs ofbeldis og áreitni verður vart innan kirkjunnar og opna umræðuvettvang þar sem hægt verði að ræða opinskátt um kynferðislegt ofbeldi,
- styðja við bakið á hinum fjölmörgu kvennahreyfingum sem láta sig ofbeldi gegn konum varða og ennfremur
- biðja hlutaðeigandi deildir LH að samhæfa framkvæmdaáætlun til að upplýsa kirkjurnar um það sem stjórnin er að gera og til að afla heimilda sem auðvelda kirkjunum að takast á við þann vanda sem ofbeldi er. Í því sambandi þarf að taka tillit til þess sem alþjóðleg ráðstefna lútherskra kvenna (í Mexíkó í júlí 1989) lagði til og einnig sambærilegra tillagna frá kirkjum, Sameinuðu þjóðunum og öðrum stofnunum.“

(Bókun LH Nr. 33, „People of God - People of Nations.“ Geneva: LWF Publications, September 1993, bls. 120)

Stjórnarfundur LH haldinn í Genf í Sviss árið 1994

„Stjórnin **SAMÞYKKT** að

- mótmæla hvers konar ofbeldi gegn konum burtséð frá siðvenjum, hefðum eða trúarbrögðum sem notuð eru til að réttlæta slíkt ofbeldi. Þarna er

sérstök áhersla lögð á limlestingu á kynfærum kvenna,

- hvetja kirkjurnar í sambandinu til að vinna markvisst að því að binda enda á hvers konar ofbeldi og misnotkun sem bitnar á konum bæði í samfélaginu og kirkjunum,
- styðja yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1993 þar sem stefnt er að því að útrýma ofbeldi gegn konum. Í þeirri yfirlýsingu kemur einnig fram að verslun með konur teljist ofbeldi,
- undirstrika mikilvægi fjórðu alheims kvennaráðstefnunnar (Peking, 1995) sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna boðaði til og fjallar um þessi mál ásamt öðrum málum sem tengjast konum. Einnig er því fagnað að kirkjur LH skyldu taka þátt í þessari ráðstefnu.“

(Bókun LH Nr. 35, „Agenda for Communion.“ Geneva: LWF Publications, September, 1994, bls. 95)

Stjórnarfundur LH haldinn í Bratislava í Slóvakíu árið 1999

Mannréttindi fyrir konur

„Níunda þing Lútherska heimssambandsins sagði: „Kvenréttindi eru mannréttindi. Konur verða fyrir barðinu á misskiptingu náttúruauðlinda; í jaðarhópum flóttamanna, frumbyggja og fanga eru konur varnarlausastar allra. Víða hafa konur ekki rétt til arfs og eigna og hafa litla möguleika á starfsþjálfun og menntun. Ofbeldi gegn konum er útbreitt í þjóðfélaginu og á sér líka stað í kirkjunni og á kristnum heimilum. Ofbeldi er þaggað niður, hunsað, samþykkt með óbeinum hætti og stundum

stutt með biblíulegum útlekkingum. Við þurfum að gangast við því og viðurkenna að kirkjan hefur syndgað með því að umbera ofbeldi gegn konum, sérstaklega misnotkun kvenna í kirkjunni.“

Verkefnið „Konur í kirkju og samfélagi“ í Deild boðunar og þróunarstarfs tekst á við allar birtingarmyndir ofbeldis gegn konum og vinnur að samfélagi þar sem eining ríkir og virðing fyrir manneskjunni, konum jafnt sem körlum, sé höfð í hávegum.“

„Stjórnin **SAMPYKKT** að

- hvetja allar kirkjurnar í LH til að taka á því viðkvæma máli, sem ofbeldi gegn konum er, í öllum yfirlýsingum sínum þar sem það á við; og
- biðja „Konur í kirkju og samfélagi“ að leita leiða til að styðja kirkjurnar í starfi sínu að þessum málaflokki.“

(Bókun LH Nr. 44, „The Gospel Transforming Cultures.“ Geneva: LWF Publications, September 1999, bls. 158)

Stjórnarfundur LH haldinn í Turku í Finnlandi árið 2000

„Þess var minnst að árið áður hafði verkefnið „Konur í kirkju og samfélagi“ verið beðið um að leita leiða til að styðja kirkjurnar í starfi sínu gegn ofbeldi í garð kvenna. Ritið *Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum*, sem var liður í þeirri vinnu, hafði upphaflega verið kynnt nefndinni í uppkasti og hún beðin um að gera athugasemdir áður en gengið væri endanlega frá því til samþykktar á stjórnarfundum árið eftir. En í ljósi þess hve málið var brýnt óskaði nefndin eftir því að um leið og athugasemdirnar hefðu verið teknar til greina yrði plaggið sent til notkunar í kirkjunum til að fá athugasemdir þeirra strax í stað þess að bíða

eitt ár enn áður en stjórnin samþykkti ritið.“

„Það var lagt til að ritið yrði áhrifa-meira ef stjórnin samþykkti það formlega. En eftir nokkrar umræður var ákveðið að lagfæra ritið eftir athugasemdum nefndarinnar og senda kirkjunum það í uppkasti til að þær gætu notað það strax og gert sínar athugasemdir. Bréf frá aðalritara, sem útskýrði ferlið, fylgdi ritinu og óskað var eftir að kirkjurnar skoðuðu það og bentu á aðrar leiðir til að fást við þann vanda sem ofbeldi er. Á sama tíma og nefndarfolk fékk uppkastið var því dreift til stjórnarinnar til upplýsingar.“

(*Minnispunktur frá stjórnarfundum LH í Turku, Finnlandi, í júní 2000, gr. 163, 164*)

Stjórnarfundur LH haldinn í Genf í Sviss árið 2001

13.1 Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum

„Formaðurinn minntist þess að stjórnin hefði á fundi sínum í júní árið 2000 óskað eftir að uppkasti af ritinu „Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum“ yrði dreift til kirknanna svo að þær gætu notað það strax og gert athugasemdir. Dagskrárnefndin hafði fengið skýrslu sem greindi frá starfinu, viðbrögðum og tillögum sem gerðar voru. Nefndin þakkaði fyrir góðan stuðning við ritið. Á fundinum komu líka fram athugasemdir frá dagskrárnefndinni og stjórnarnefndinni.“

„Stjórnin ræddi og samþykkti tillögu þess efnis að breyta upphaflegri hugmynd um að hafa fulltrúa dagskrárnefndar hjálparstarfs í sérstakri nefnd sem væri skipuð til að leggja lokahönd á plaggið. Stjórnin brást við áhyggjum um að hafa tveggja ára frest á síðasta stigi upphaflegu hugmyndafræðis með því að

SAMÞYKKJA að

- taka við ritinu með þeim fyrirvara að athugasemdum og viðbótarupplýsingum frá dagskrár- og stjórnar-nefndunum og kirkjunum í LH verði bætt inn í hvar sem mögulegt er,
- skipa sérstaka nefnd fimm stjórnarfulltrúa (tveir frá deild boðunar og þróunarstarfs, einn frá deild alþjóðamála og mannréttinda, einn frá deild guðfræði og einn frá deild hjálparstarfs) til að fara yfir breytingar og leggja blessun sína yfir verkið til útgáfu,
- framlengja frest til að gera athugasemdir við ritið,
- hafa uppkastið tilbúið í lok desember 2001 til útgáfu á ensku og þýðingar og útgáfu á frönsku, spænsku og þýsku; og
- styðja kirkjur sambandsins sem vilja þýða plaggið á sitt mál og auðvelda dreifingu þess til allra kirkjuleiðtoga, óvígðra leiðtoga, presta í söfnuðum allra kirknanna, prestaskóla og kvenleiðtoga. Það verði forgangsverkefni.“

„Tilnefning fulltrúa í þessa sérstöku nefnd var vísað til uppstillingarnefndarinnar. Þessi aðgerð ráðsins er skráð undir lið 6.5.“

(Minnispunktur frá stjórnarfundum LH í Genf í júní 2001, gr. 179-186)

6.5 Tilnefning fulltrúa í nefndina

Í samræmi við þá ákvörðun að skipa sérstaka nefnd fimm stjórnarfulltrúa (sjá lið 13.3) hefur stjórnin, samkvæmt uppástungu uppstillingarnefndarinnar, **SAMÞYKKT** að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í sérstaka nefnd sem starfi til desemberloka 2001:

Sr. dr. Kajsa AHLSTRAND
Deild um guðfræði

Sr. Þorbjörn ÁRNASON
Deild um alþjóðamál og mannréttindi

Biskup Joseph Paul BVUMBWE
Deild boðunar og þróunarstarfs

Sr. dr. Prasanna KUMARI
Deild hjálparstarfs

Sr. Ágnes PÁNGYÁNSZKY
Deild boðunar og þróunarstarfs

„og hlutverk nefndarinnar er að fara yfir breytingar og búa ritið *Kirkjan mótmælir ofbeldi gegn konum* til útgáfu.“

(Minnispunktur frá nefndarfundum LH, Genf í júní 2001, bls. 4)

AFTANMÁLSGREINAR

- 1 „From Solidarity to Accountability.“ Bréf frá The Decade Festival - „Churches in Solidarity with Women“ í Together on the Way, Official Report of the Eighth Assembly of the World Council of Churches, edited by Diana Kessler. Geneva: WCC Publications, 1999, bls. 243.
- 2 LWF Documentation No. 44, „The Gospel Transforming Cultures.“ Geneva: LWF Publications, September 1999, bls.158.
- 3 *Platform for Action and the Beijing Declaration.* Fourth World Conference on Women. Beijing, September 1995, gr. 113-115, bls. 25.
- 4 „Needed: A New Model of Masculinity to Stop Violence against Girls and Women.“ Ruth Finney Hayward, senior advisor, United Nations Children’s Fund (UNICEF). Katmandu, July 1997.
- 5 Sama
- 6 „Gewalt gegen Frauen als Thema der Kirche (Teil II).“ Vorgelegt im Auftrag des Rates der EKD. Ein Bericht in zwei Teilen. Theologische Reflexion. Hanover: Evangelical Church in Germany, 1999, bls.3. Sjá einnig www.ekd.de/EKD-Texte/2110_1866.html
- 7 „Sexual and Reproductive Health Briefing Cards.“ Family Care International. New York, 2000.
- 8 *Platform for Action and the Beijing Declaration.* Fourth World Conference on Women. Beijing, September 1995, gr. 113-115, bls.73-74.
- 9 „Cycles of Violence.“ Priscilla Singh, in: „Resist and Reduce Violence against Women,“ *Women magazine* No. 54, August 2001. Geneva: LWF Publications, bls.9.
- 10 „The Context for Feminist Theologizing: Violence Against Women/Women Against Violence.“ Corinne Scott, in: *Feminist Theology: Perspectives and Praxis.* Edited by Prasanna Kumari. Chennai: Gurukul Theological College, 1998, bls. 349.
- 11 „Gewalt gegen Frauen als Thema der Kirche (Teil II).“ Vorgelegt im Auftrag des Rates der EKD. Ein Bericht in zwei Teilen. Theologische Reflexion. Hanover: Evangelical Church in Germany. 1999, bls. 5. Sjá einnig www.ekd.de/EKD-Texte/2110_1866.html
- 12 Duluth Domestic Abuse Intervention Project, 206 West Fourth St., Duluth, MN 55806, USA
- 13 Figure 5.4 from *The Cry of Tamar. Violence Against Women and the Church’s Response.* Pamela Cooper-White. Minneapolis, Minnesota: Fortress Press, 1995, bls. 107.
- 14 Sama, bls. 106
- 15 „Keeping the Faith: Questions and Answers for the Abused Woman.“ Mary Fortune. San Francisco: Harper & Row, 1987.
- 16 „Cycles of Violence.“ Priscilla Singh, í „Resist and Reduce Violence against Women,“ *Women magazine* No. 54, August 2001. Geneva: LWF Publications, bls. 14.
- 17 „Ties that Bind: Domestic Violence against Women.“ Elisabeth Schüssler Fiorenza, í *Women Resisting Violence: Spirituality for Life.* Edited by Mary John Mamazan, Mercy Amba Oduyoye, Elsa Tamez, J. Shannon Clarkson, Mary C. Grey og Letty Russell. New York: Orbis Books, 1996, bls. 39.
- 18 „Gewalt Gegen Frauen (Teil 1).“ Vorgelegt im Auftrag des Rates der EKD. Ein Bericht in zwei Teilen. Theologische Reflexion. Hanover: Evangelical Church in Germany, 1997, bls. 14.
- 19 „Recognising and Naming Power.“ Ranjini Wickramaratne-Rebera, í: *In God’s Image,* Journal of Asian Women’s Resource Centre for Culture and Theology, Vol. 17, No. 1. Kuala Lumpur, 1998.
- 20 „Sexual and Reproductive Health Briefing Cards,“ Family Care International. New York, 2000.
- 21 *She Who Is. The Mystery of God in Feminist Theological Discourse.* Elizabeth A. Johnson. New York: The Crossroad Publishing Company, 1998, bls. 23.
- 22 „Review and Appraisal of the Implementation of the Beijing Platform for Action.“ Report of the Secretary General, E/CN.6/2000/PC/2. New York: United Nations. 19 January 2000, bls. 13.
- 23 „The Progress of Nations.“, bls. 7. Sources FGM. Nahid Toubia. January 1996 update from her study, *Female Genital Mutilation: A Call for Global Action.* Revised ed. New York: Women Ink, 1995. (United Nations Population Division, „World Population Prospects: The 1994 Revision.“ 1997.)
- 24 *Women and Jesus in Mark. A Japanese Feminist Perspective.* Hisako Kinukawa. New York: Orbis Books, 1994, bls. 11.
- 25 Sama.
- 26 *Newsletter of Rahab Ministries.* Bangkok, March 2000.


- 27 *The Cry of Tamar. Violence Against Women and the Church's Response*. Pamela Cooper-White. Minneapolis, Minnesota: Fortress Press, 1995, bls. 82.
- 28 *Against Rape*. Andra Medea and Kathleen Thompson. New York: Noonday Press, 1974, bls. 11.
- 29 „Alternative Assessment of Women and Media Based on NGO Reviews of Beijing Platform for Action.“ Coordinated by Isis International-Manila on behalf of Women Action 2000, bls. 38-39.
- 30 *Women and Jesus in Mark. A Japanese Feminist Perspective*. Hisako Kinukawa. New York: Orbis Books, 1994, bls. 10.
- 31 *She Who Is. The Mystery of God in Feminist Theological Discourse*. Elizabeth A. Johnson. New York: The Crossroad Publishing Company, 1998, bls. 4-5.
- 32 Sama
- 33 „Gewalt gegen Frauen als Thema der Kirche (Teil II).“ Vorgelegt im Auftrag des Rates der EKD. Ein Bericht in zwei Teilen. Theologische Reflexion. Hanover: Evangelical Church in Germany, 1999, bls 20. Sjá einnig: www.ekd.de/EKD-Texte/2110_1866.html
- 34 Sama, bls. 21.
- 35 Sama, bls. 26
- 36 „The Transformation of Suffering: A Biblical and Theological Perspective“ í *Christianity, Patriarchy and Abuse*. Joanne Carlson Brown and Carole R. Bohn. New York: Pilgrim, 1989, bls. 145.
- 37 *Feminist Interpretation. The Bible in Women's Perspective*. Luise Schottroff, Silvia Schroer og Marie-Theres Wacker. Minneapolis, MN: Augsburg Fortress, 1998, bls. 153-160.
- 38 Sama
- 39 „Foreword: Telling Stories.“ Marjorie Procter-Smith, í: *Remembering the Women*. Compiled and annotated by J. Frank Henderson. Chicago, Illinois: Liturgy Training Publications, 1999, bls. viii.
- 40 *Women Invisible in Church and Theology*. Elizabeth Schüssler Fiorenza og Mary Collins. Concilium: 182 (6/1985): Feminist Theology. Edinburgh: T&T Clark Ltd., bls. 52.
- 41 „Foreword: Telling Stories.“ Marjorie Procter-Smith, in: *Remembering the Women*. Compiled and annotated by J. Frank Henderson. Chicago, Illinois: Liturgy Training Publications, 1999, bls. viii.
- 42 *Women Invisible in Church and Theology*. Elizabeth Schüssler Fiorenza and Mary Collins. Concilium: 182 (6/1985): Feminist Theology. Edinburgh: T&T Clark Ltd., bls. 51-52.
- 43 *In Her Own Rite. Constructing Feminist Liturgical Tradition*. Marjorie Procter-Smith. Nashville, Tennessee: Abingdon Press, 1990.
- 44 „If You Are Being Abused at Home ... You are Not Alone.“ The Family Violence Prevention Fund, USA.
- 45 *The Cry of Tamar. Violence Against Women and the Church's Response*. Pamela Cooper-White. Minneapolis, Minnesota: Fortress Press, 1995, bls. 82.
- 46 *Rape Victims in Crisis*. Ann Wolbert Burgess and Lynda Holstrom. Bowie, Maryland: Robert J. Brady Co., 1979.
- 47 „Women and Development: Crisis and Alternative Visions.“ Ecumenical Institute Bosssey seminar, Geneva, 4-14 June 1992.
- 48 Pamphlet by the 'White Ribbon Campaign,' 1600-365 Bloor St. East, Toronto, Ontario, Canada.
- 49 „Sing Out Our Visions. Prayers, Poems and Reflections by Women.“ An ecumenical collection produced in cooperation with the Justice for Women Working Group of the National Council of the Churches of Christ in the USA. Edited by Jean Martensen. Minneapolis, Minnesota: Augsburg Fortress, 1998, bls. 53.
- 50 Sama, bls. 64.
- 51 Sama, bls. 65.

Mörg okkar óska þess þrúfaldlega að kirkjan leggi sig fram um að taka þátt í hversdagslegu lífi okkar. Það er þar sem við særumst og þar sem við læknumst og þar sem Guð er hjá okkur. Því þegar við tölum um lífið tölum við um Guð, og þegar við tölum um Guð tölum við um lífið. Þess vegna væntum við þess að kirkjan hjálpi okkur til að gera upp hug okkar um ýmislegt sem við hljótum að glíma við.

Við erum sjálf kirkjan með fjölda fólks um víða veröldina. Og með þessari bók sem nú er komin í þínar hendur vill hún hjálpa okkur til að gera upp hug okkar um ofbeldi gagnvart konum. Það er lengi búið að tala um þetta ofbeldi í kirkjunni, lengi búið að hugsa og tala um guðfræðina sem hefur stutt það og guðfræðina sem berst gegn því. Þessi bók býður okkur þekkingu á daglegum staðreyndum og gamalli og nýrri guðfræði. Og hún hvetur okkur og uppörvar til að nota trú okkar til að taka höndum saman um að vinna gegn ofbeldinu.

Efni bókarinnar hefur verið kynnt í öllum prófastsdæmum landsins og hlotið afar góðar móttökur. Þær kveðjur fylgja með henni frá Lútherska heimssambandinu, sem sendir hana til allra kirkna sinna, að við skulum hvert um sig nota hana eins og okkur sýnist best. Hún er bæði skrifuð fyrir konur sem sjálfar hafa verið beittar ofbeldi og þau sem vilja beita sér fyrir málstað þeirra. Þess vegna getum við notað hana í hópum sem starfa í söfnuðunum, og öðrum hópum sem vinna gegn ofbeldi, og í samtölum og samstarfi við konur sem hafa verið beittar ofbeldi.

Þessi bók er eitt af framlögum kirkjunnar til hversdags okkar, og megi hún verða okkur að liði til að gera upp huga okkar, mynda okkur skoðun, koma auga á það sem við getum gert og með hverjum við getum unnið.



Skálholtsútgáfan
Lútherska heimssambandið

